



# 48. ÁRSPIRING

*Landssambands hestamannafélaga*

*haldið á Egilsstöðum  
24. og 25. október 1997*

**SKÝRSLA STJÓRNAÐAR**  
*starfsárið 1996 - 1997*  
*og*  
*reikningar ársins 1996*

# EFNISYFIRLIT SKÝRSLU STJÓRNAR L.H. 1996-1997

	bls.
Stjórn .....	1
Skrifstofa L.H. .....	1
Samþykktir 47. ársþings, meðferð mála o.fl. .....	2
Skýrsla ferða- og umhverfisnefndar L.H. 1996-1997 .....	7
Hesturinn Okkar .....	10
Samstarfssamningur við Flugleiðir .....	10
Áningaráhólfasjóður .....	10
Skógarhólar og Skógarhólanefnd .....	11
Skýrsla lyfjaeftirlitsnefndar L.H. og HÍS. 1996-1997 .....	12
Skýrsla mannvirkjanefndar hestamanna 1996-1997 .....	12
Skýrsla æskulýðsnefndar L.H. og HÍS. .....	13
Reiðvegafé, reiðveganefnd .....	17
Breytingar á reglum um framkvæmd lands- og fjórðungsm.	18
Dómarafélag L.H. .....	23
Fjórðungsmót á Vesturlandi 1997 .....	24
Mótanefnd L.H., mótagardag .....	24
Skýrsla framkvæmdanefndar landsmóts 1998 .....	27
Helstu viðburðir ársins .....	29
Aðalfundur FEIF .....	30
FEIF-nefnd .....	30
Skýrsla Víkings Gunnarssonar ræktunarfulltrúa FEIF .....	30
Skýrsla Kristins Hugasonar hrossaræktaráðunauts .....	32
Ársreikningar L.H. 1996 .....	36

# Skýrsla stjórnar Landssambands hestamannafélaga

## starfsárið 1996 - 1997

### 1. STJÓRN

Starfsárið 1996 - 1997 sátu eftirtaldir í stjórn L.H.:

#### Aðalstjórn:

Formaður: Birgir Sigurjónsson, Hafnarfirði.  
Varaformaður: Guðbrandur Kjartansson, Garðabæ.  
Ritari: Halldór Gunnarsson, Akureyri.  
Féhirðir: Sigurgeir Bárðarson, Hvolsvelli.

Meðstjórnendur: Jón Bergsson, Ketilsstöðum, Egilsstöðum.  
                       Sigbjörn Björnsson, Lundum, Mýr.  
                       Sigríður Sigþórsdóttir, Reykjavík.

#### Varastjórn:

Marteinn Valdimarsson, Búðardal  
Birgir Rafn Gunnarsson, Reykjavík  
Haraldur Þórarinsson, Laugardælum  
Sigfús Helgason, Akureyri.  
Sigurður Ragnarsson, Garðabæ.

Á starfsárinu voru haldnir 12 formlegir stjórnarfundir auk margra annara funda stjórnarmanna. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi enda þótt þeim beri ekki skylda til þess að mæta, nema á fyrsta fund eftir ársþing og á fund í lok starfsárs. Á fyrsta stjórnarfundi eftir ársþing er farið yfir samþykktir og ályktanir þingsins og málum vísað til starfsnefnda og þær skipaðar. Þær vinna svo að málum og afgreiðslu þeirra með aðstoð skrifstofu. Allar fundargerðir stjórnarfunda eru sendar út til formanna hestamannafélaganna til að bæta upplýsingastreymi milli stjórnar og félaganna. Starfsnefndir L.H. sem vinna að afmörkuðum verkefnum eru margar og funda um sín mál, auk verkefna sem stjórn og skrifstofa sinna. Stjórnarmenn starfa í mörgum starfsnefndum og fylgja þannig málum eftir. Sjá kaflann um tillögur og ályktanir 47. ársþings og störf starfsnefnda árið 1997.

### 2. SKRIFSTOFA L.H.

Skrifstofa L.H. er í Bændahöllinni við Hagatorg. Hún er opin frá kl. 9-17. Þar starfa 2 fastráðir starfsmenn þau, Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri í fullu starfi og Ingibjörg Magnúsdóttir í hálfu starfi. Bein símalína er 552 9899 og 563 0325, einnig er hægt að hringja í skiptiborð Bændasamtaka Íslands í síma 563 0300.

Starfið á skrifstofunni er umfangsmikið og fjölbætt. Verkefnin eru mörg sem sinna þarf. Skipulagning og undirbúningur stjórnarfunda sem haldnir eru á skrifstofunni, auk nefndafunda og vinnu fyrir starfsnefndir. Koma málum í vinnslu og framkvæmd. Allar bréfaskriftir, reikningshald og varsla gagna. Undirbúningur ársþinga útheimtir mikla vinnu á skömmum tíma. Framkvæmdastjóri situr alla stjórnarfundi og marga nefndafundi, auk þess að

sinna almennri hagsmunagæslu fyrir samtökin í samstarfi við aðila út í þjóðféluginu sem leita þarf til um framgang mála. Þannig er reynt að koma samþykktum ársþinga og stjórnar í framkvæmd. Náið samstarf er við Hestaíþróttasambandið um ákveðin mál m.a. eru starfandi sameiginlegar starfsnefndir sem skrifstofan veitir aðstoð eins og þörf er á. Reynt er að leysa dagleg verkefni og sinna fyrirgreiðslu og þjónustu við hestamannafélögin eftir því sem um er beðið. Félagatal félaganna er leiðrétt og tölvusett á skrifstofunni og félögin fá í hendur límmiðasett og endurunna félagaskrá og ýmsa aðra þjónustu til að léta þeim störfin heima fyrir. Leitað er til skrifstofu L.H. í auknum mæli um upplýsingar og aðra þjónustu frá hestamannafélögnum, einstökum hestamönnum, fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast hestamennskunni og margbættri þjónustu við hana. Þar af leiðir að störf á skrifstofunni vaxa jafnhliða og skrifstofan sinnir aukinni þjónustu við þessa aðila. Annað væri óeðlilegt. Atvinnuskapandi framlag hestamanna til þjóðfélagsins er mikið, miklu meira og fjölbættara en menn almennt gera sér grein fyrir, en ætlað er að um eittþúsund störf í landinu séu til orðin vegna hestamennskunnar og þjónustu henni tengdri. Skrifstofan sinnir nokkurri tekjuöflun fyrir L.H. með auglýsingum í Hestinum okkar, ársskýrslu o.fl. Þessir tekjupóstar lækka kostnað við ákveðna liði svo sem þinghald og fundi, erlend samskipti og fleira svo sem sjá má í reikningum samtakanna. Ingibjörg Magnúsdóttir hefur annast þjónustu fyrir Félag Tamningamanna. FT hefur haft aðstöðu á skrifstofu L.H. samkvæmt samningi þ.e. útseld vinna eftir umfangi og leigu fyrir afnot sem L.H. fær nokkrar tekjur af. Þetta samstarf hefur gengið vel og verið hagkvæmt fyrir báða aðila.

### **3. SAMÞYKKTIR 47. ÁRSÞINGS OG MEÐFERÐ MÁLA. STÖRF STARFSNEFNDNA 1997.**

Samþykktum og ályktunum ársþinga er komið á framfæri við þá aðila í þjóðféluginu sem málin varða og samþykktunum er beint til, með bréfaskriftum og öðrum þeim ráðum sem fær eru talin og líkleg til árangurs og framgangs. Einnig er málum fylgt eftir með viðtölum og fundum með aðilum og öðrum eðlilegum ráðum. Mörg mál hljóta ekki fulla afgreiðslu á einu ári eða á milli þinga. Mál eru misjafnlega yiðamikil, sum þeirra krefjast mikillar vinnu og undirbúnings en önnur ekki. Ákveðin mál hljóta jafnan að vera uppi á borðum hestamanna til athugunar og endurskoðunar hjá stjórn, skrifstofu og starfsnefndum L.H. Reynt er að þoka málum áfram eins og fljótt og fært er.

#### **Fjárhagsmál.**

47. ársþingið samþykkti að árgjöldin til L.H. fyrir árið 1997 yrðu þau sömu og áður þ.e. krónur 1.000 fyrir fullorðna og krónur 500 fyrir félagsmenn 16 ára og yngri. Tekjur L.H. fyrir árið 1996 voru kr. 8.942.000 og nokkur rekstrarafgangur varð eða kr. 224.000. Styrkur fékkst frá Alþingi sem nam kr. 700.000 ella hefði verið nokkurt tap á rekstri L.H. það ár. Árið 1997 er styrkurinn óbreyttur frá Alþingi (Menntamálaráðuneyti) og þess að vænta að reksturinn sé í nokkru jafnvægi.

Tekjustofnar L.H. eru ákveðnir í lögum þess og eru að meginhluta félagsgjöld og ekki hafa verið markaðir aðrir tekustofnar fyrir L.H. sem vel væri þó hugsanlegt að gera. Hins vegar hefur stjórn L.H. ekki þótt við hæfi að samtökin væru í samkeppni um styrki frá fyrirtækjum og stofnunum við hestamannafélögin samanber firmakeppni þeirra o.fl. eða HÍS sem leitar eftir framlögum frá

fyrirtækjum og stofnunum í sinni fjárlögunum t.d. fyrir landsliðið í hestaþróttum o.fl. Félagar í hestamannafélögum eru nú 7.474 og hefur fækkað frá fyrra ári um 300 félagsmenn. Ljóst er að margir sem hestamennsku stunda og eiga hesta eru ekki í neinu hestamannafélagi og koma sér þannig undan því að greiða eðlileg félagsgjöld en nýta sér hins vegar alla aðstöðu og þjónustu sem upp á er boðið og til er orðin vegna öflugs starfs hestamannafélaganna og L.H.

Þessum hugsunarhætti þarf að breyta því það hlýtur að vera eðlilegur og sjálfsagður hlutur að menn greiði hluta í samneyslunni og axli eðlilega ábyrgð með félagsaðild til þess að starfsemi hestamannafélaganna og L.H. geti þróast og eflst. Reksturinn er í þokkalegu jafnvægi þrátt fyrir aukin útgjöld til nýrra verkefna.

### Sameiningarmál.

ENN voru sameiningarmál á dagskrá. Eins og menn rekur minni til var tillaga um að leggja L.H. niður flutt á 47. ársþingi. Tillagan var felld og flutt var eftirfarandi tillaga um framhald málsins sem ársþingið samþykkti.:

Breytt þingskjal nr. 14:

“47. ársþing L.H. haldið í Reykjanesbæ 25. og 26. október 1996 samþykkir að halda áfram vinnu við sameiningu L.H. og HÍS á grundvelli tillagna að lögum fyrir L.H.Í. Stjórn L.H. skipi 3 menn í nefnd og beinir því til stjórnar HÍS að gera það einnig. Nefnd þessi skal fara með málið og niðurstöður skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 1997. Jafnframt beinir ársþingið því til allra hestamannafélaga innan L.H. að hugmyndin um sameiningu L.H. og HÍS í ein samtök verði kynnt og rædd á aðalfundinum og/eða félagsfundum nú í haust og vetur þar sem afstaða yrði tekin til sameiningar með skriflegri atkvæðagreiðslu til eftirfarandi spurningar:

Ertu samþykk(ur) sameiningu samtaka hestamanna (L.H. og HÍS) í ein samtök á grundvelli fyrirliggjandi tillagna frá sameiningarnefnd L.H. og HÍS og gera breytingar á lögum þíns hestamannafélags þar sem þess gerist þörf?

Nirðurstöður atkvæðagreiðslna berist stjórn L.H. þegar að loknum fundum til upplýsinga vegna ákvarðanatöku á ársþingi L.H. 1997 um hvort félagsmenn innan L.H. vilja óbreytt félagskerfi eða nýtt samkvæmt tillögum sem fram eru komnar.

Frestur til að skila inn niðurstöðum rennur út 1. maí n.k”.

Í þessa nefnd skipaði stjórn L.H. eftirtalda menn: Sveinbjörn Sveinbjörnsson Gusti, Guðbrand Kjartansson Fáki og Birgi Sigurjónsson Sörla. Varamaður var skipaður Birgir Rafn Gunnarsson Fáki. Af hálfu stjórnar HÍS voru skipaðir: Haraldur Þórarinsson Sleipni, Sigfús Guðmundsson Smára og Sigurður Ragnarsson Andvara. Varamaður var skipaður Bragi Ásgeirsson Fáki.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson tók að sér formennsku í nefndinni og Sigurður Ragnarsson störf ritara.

Nefndin hélt 6 formlega fundi auk annara funda er formaður nefndarinnar og aðrir nefndarmenn áttu með forvígismönnum ÍSÍ.

Eins og samþykkt þingskjals nr. 14 ber með sér var það starf nefndarinnar að halda áfram vinnu við sameiningu L.H. og HÍS á grundvelli tillagna að lögum fyrir LHÍ en að áframhaldandi kynning væri í höndum hestamannafélaganna.

Margar efasemdir og spurningar höfðu komið fram vegna hugsanlegs samruna og sterkur hópur var andvígur því að L.H. skyldi lagt niður. En þrátt fyrir þetta var meirihluti þingfulltrúa í raun samþykkur sameiningu.

Nefndin hóf störf með því að fara yfir drögin að lögum LHÍ og meðal annars aðlaga þau lögum L.H. með það í huga að HÍS sameinist L.H. og að L.H. gengi

inn í ÍSÍ með áunnum réttindum og skyldum HÍS. Gengið var úr skugga um að heimilt væri að innheimta félagsgjöld og að heiti samtakanna yrði áfram Landssamband hestamannafélaga. Jafnframt héldu hestamannafélögin sínum núverandi heitum. Ýmsar aðrar breytingar voru gerðar við lagadrög LHÍ en það sést best með því að bera eldri og nýrri gögn saman.

Tillaga að “lögum Landssambands hestamannafélaga” var síðan send ÍSÍ til skoðunar þar sem hún hlaut jákvæða afgreiðslu hjá forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórn.

Ljóst er að töluberð vinna er framundan hjá stjórn L.H. og aðildarfélögunum verði samruninn að veruleika og einnig má gera ráð fyrir að upp komi ófyrirséð atriði sem þarf að taka á.

Í samþykktu þingskjali nr. 14. á 47. ársþingi var gert ráð fyrir að félögin sendu til skrifstofu L.H. niðurstöður úr atkvæðagreiðslu þar sem tekin yrði afstaða með eða á móti sameiningu L.H. og HÍS.

Tólf félög skiluðu inn niðurstöðum sinna félaga og féllu atkvæði þannig að tíu samþykktu, eitt félag á móti og eitt félag skilaði jöfnum atkvæðum. Þátttaka í atkvæðagreiðslunni var lítl.

Tillaga að lögum L.H. sem lögð er fram hér á 48. ársþingi L.H. og kynnt var fyrir stjórn L.H. og HÍS á sameiginlegum fundi þeirra 29. ágúst s.l. er að flestra mati mjög breytt frá fyrri lagadrögum að LHÍ sem kynnt voru og rædd á 47. ársþingi. Lagadrögin nýju voru kynnt og skýrð á formannafundi hestamannafélaganna og hestaíþróttadeildanna í Félagsheimili Fáks í Reykjavík 6. sept. s.l., en þar mættu fulltrúar frá 26 hestamannafélögum og hestaíþróttadeildum. Alls mættu 47 manns á fundinn.

Á formannafundinum kom fram nokkuð eindreginn vilji til sameiningar á grunni þeirra draga að breyttum lögum L.H. sem fyrir liggja og áhugi á því að afgreiða málid á 48. ársþingi L.H., og þingi HÍS sem er sömu daga.

### **Fræðslumál.**

Að fá útgefið kennsluefni vegna almennrar reiðkennslu, skipt eftir færnisstigum nemenda hefur verið áhugamál og rætt á ársþingum L.H. og samþykktir gerðar þar sem stjórn L.H. hefur verið hvött til að vinna að útgáfu á slíku námsefni. L.H. leitaði til Námsgagnastofnunar um styrk til útgáfu til slíks námsefnis en fékk synjun. Ennfremur var leitað til Hólaskóla um samantekt á slíku efni og HÍS og Félag hrossabænda hafa einnig borið fram sambærilegt erindi við skólann. Síðla árs 1994 gekk Hólaskóli frá samningi við fjóra A-stigs reiðkennara þá; Eyjólf Ísólfsson, Benedikt Þorbjörnsson, Reyni Aðalsteinsson og Sigurbjörn Bárðarson um gerð handbókar, námsskrár og skilgreiningu á tilheyrandi færnisgráðu fyrir almenna reiðkennslu og hestamennsku. Félag hrossabænda og Hólaskóli ábyrgðust kostnað við frumvinnu verksins. Unnið er áfram að málínu en verklok hafa dregist því þessi vinna hefur tekið lengri tíma en áætlað var en þess er að vænta að innan skamms tíma komi út aðgengilegt kennsluefni, afrakstur þessa samnings.

### **Keppnisreglur.**

Nokkrar breytingar voru gerðar á keppnisreglum á síðasta ársþingi. Breytingum var komið fyrir í reglunum og þær sendar út.

## **Keppnisnefnd.**

Keppnisnefnd er ein starfsnefnda L.H. og tók við verkefnum gæðinga- og unglingsnefndar. Nefndin fer með öll mál er lúta að keppni barna, unglings, ungmenna og gæðinga. Önnur verkefni eru að skoða og hafa frumkvæði um breytt keppnisform og mótahdal. Keppnisnefndina skipa:

Grettir B Guðmundsson, Arnar Guðmundsson, Þormar Ingimarsson, Hulda Gústafsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir. Nefndin hefur lítið starfað á árinu enda verulegar breytingar gerðar á keppnisreglum á 46. og 47. ársþingi.

## **Kynbótamál.**

Samþykkt var á 47. ársþingi ályktun sem beinir því til Fagráðs að það taki vinnubrögð við kynbótadóma til endurskoðunar þannig að hverju hrossi verði aðeins stillt upp einu sinni til byggingadóms auk þess verði þess gætt að vinnuálag á dómurum sé innan hóflegra marka. Bent er á að óheppilegt sé að byggingadæma hross á brautinni þar sem á að hæfileikadæma þau síðar.

Kynbótanefnd þingsins telur ekki ganga að stilla sama hrossinu þrisvar fyrir byggingadóm. Nefndin vonast til að Fagráð taki þessa ályktun til umfjöllunar.

Alyktunin send Fagráði og Bændasamtökunum til umfjöllunar.

Ársþingið þakkaði Þorkatli Bjarnasyni fyrir 35 ára árangursríkt starf í þágu ræktunar íslenska hestins. Þessari samþykkt þingsins var komið til Þorkels með viðeigandi hætti.

## **Reiðvegamál.**

Ályktanir þingsins sendar bréflega til samgönguyfirvalda og Vegagerðar einnig sveitastjórna og þeim fylgt eftir með viðræðum o.fl. Sjá nánar skýslu ferða- og umhverfisnefndar.

## **Að kortleggja reiðleiðir.**

Samþykktin varðaði samstarf við Landmælingar Íslands og var send þeim og vinsamlegar viðræður fóru fram. En nokkur tregða er hjá fyrirtækini að leggja vinnu í þetta enda séu kaup á þessum kortum óveruleg, og því fjárhagslega óhagkvæmt að láta vinna þau eða gefa þau út. Einnig hefur verið leitað eftir því við útgefendur staðbundinna svæðakorta s.s. sveitarfélög ein sér eða sameiginlega að reiðleiðir séu merktar inn á slík kort þegar þau eru gefin út. Þannig styrkti L.H. útgáfu svæðakorts um Mýra og Bogarfjarðarsýslu enda voru inn á þau merktar helstu reiðleiðir héraðsins.

## **Smitsjúkdómar í hrossum.**

Samþykkt var á 46. ársþingi að beina því til landbúnaðarráðherra að sett verði reglugerð þar sem fram koma nánari ákvæði um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma í hrossum sbr. 7. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Samþykktin var send ráðuneytinu og yfirdýralækni með bréfi og eftir aðgerðum gengið m.a. var málið tekið upp í Fagráði í hrossarækt og rætt þar. Unnið er að útgáfu reglugerðar í ráðuneytinu og hennar að vænta en málið hefur tekið lengri tíma þar en gert var ráð fyrir.

### **Agadómstól L.H. skipa:**

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þór Sigþórsson og Birgir Rafn Gunnarsson. Eitt mál var lagt fyrir dómstólinn þ.e. Gýmismálið sem dómstóllinn afgreiddi með 18 mánaða keppnisbanni.

### **Beitarmál.**

L.H. hefur til margra ára átt farsælt samstarf um beitarmál við Bændasamtökin, Landgræðsluna, Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Félag hrossabænda um nýtingu beitar, leiðbeiningar og góða umgengni um landið og hafa þessir aðilar komið sameiginlega á framfæri góðum ráðum varðandi þessi mál.

Lögð er áhersla á að hestamennskan sé stunduð í fullkomiinni sátt við landið, álagsskemmdir vegna beitar verði sem minnstar og umgengni hestamanna tengd þessum markmiðum. Landgræðslan gaf út myndarlegan myndabækling um beitarmál sem dreift var til hestamanna og bænda. Þetta var mjög þarfur bæklingur sem er auðskilinn öllum sem hann sjá og eykur skilning manna á beitarvandamálum í landinu. Bæklingurinn er til dreifingar hér á þinginu. Sjá enn fremur skýrslu ferða og umhverfisnefndar.

### **Endurskoðun náttúruverndarlaga.**

Unnið hefur verið að endurskoðun náttúruverndarlaga á vegum Umhverfisráðuneytisins og ýmiss hagsmunasamtök útvistarfélag s.s. Fuglaverndarfélag Íslands, Landssamband stangveiðifélaga, Landssamband hestamannafélaga, Ferðafélag Íslands, Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd, Ferðafélagið Útvist, Landssamband íslenskra vélsleðamanna og Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4X4, hafa m.a. komið á fót starfshópi sem fylgist með endurskoðuninni og gætir hagsmunu þessara samtaka og kemur á framfæri eðlilegum óskum þeirra varðandi lögin. Félögin hafa skipað fulltrúa sinn í nefnd sem undirbýr náttúruverndarlög, þessi aðalfulltrúi hópsins er Vilhjálmur Lúðvíksson og varafulltrúi er Kristín Sigurðardóttir. Tryggja þarf greiðan aðgang hestamanna að hálandinu og auka við aðstöðu til ferðalaga um hálandið. Nánar í skýrslu ferða og umhverfisnefndar.

### **Umhverfisþing.**

Umhverfismálaráðherra boðaði til fyrsta umhverfisþings 8. og 9. nóv 1996. Tilgangur með boðun þess var sá að fá fulltrúa sem víðast úr þjóðféluginu til þess að fjalla um umhverfismál og hvernig stuðla megi að sjálfbærri þróun á sem flestum sviðum íslensks samfélags. L.H. sendi fulltrúa á þingið.

### **Fjöldimíðar.**

Oft heyrast þær ræddir frá hestamönnum og öðrum að hestamenna fái of lítið rými í ljósvakamiðlum og víst er of lítið sýnt af hestamennsku í sjónvarpi og ekki mikið fjallað um hana þar eins og þetta er gott myndefni ekki bara fyrir hestaáhugamenn heldur er hér um menningarefnni að ræða sem höfðar til mikils fjölda landsmanna.

Ánægjulegt er að geta sagt frá því að nýverið hóf göngu sína á útvarpsstöðinni Bylgjunni fastur þáttur um hesta og hestamennsku "Góðgangur" undir stjórn Júlíusar Brjánssonar sem ekki þarf að kynna fyrir hestamönnum. Útsendingartími þáttarins er á sunnudagskvöldum kl. 21:00. Þakkir til Íslenska útvarpsfélagsins fyrir þetta framtak. Bein sjónvarpsútsending var frá veðreiðum Fáks nú í haust á sjónvarpsstöðinni Sýn.

Umfjöllun í dagblöðum og tímaritum um ýmsa þætti hestamennsku er nokkuð mikil og hefur aukist hvað dagblöðin snertir.

#### 4. SKÝRSLA FERÐA- OG UMHVERFISNEFNDAR L.H. FYRIR STARFSÁRIÐ 1996-1997.

Nefndina skipa Björn Sveinsson Stíganda, Hermann Árnason, Kópi, Hjalti Jón Sveinsson, Þjálfa, Ólafur Jónsson, Gusti og Sigríður Sigþórsdóttir, stjórn LH sem einnig er formaður. Til að ná markvissara og árángursríkara starfi í þessum yfirgripsmikla málaflokki var í upphafi starfsárs eftirfarandi skipurit yfir störf nefndarinnar unnið og síðan í framhaldi samþykkt af stjórn LH:

*Nefndin er skipuð af stjórn L.H. sem einnig skipar formann. Nefndin er skipuð til tveggja ára í senn og hana sitja fimm menn. Æskilegt er að hver landsfjórðungur eigi fulltrúa í nefndinni, þó skal skipan hennar taka mið af áherslum stjórnar LH hverju sinni. Nefndinni er heimilt að kalla til sérfræðinga í einstökum málum. Varðandi útgjöld samfara slíkum aðgerðum skal þó fyrst leita heimildar stjórnar LH með framlagðri kostnaðaráætlun.*

*Hlutverk nefndarinnar er að sinna ferða- og umhverfismálum félaga í L.H., gæta að hagsmunum þeirra, taka þátt í og skapa umræður um málefni af þeim toga hverju sinni sem eru í brennidepli innan hestamannahreyfingarinnar og í þjóðféluginu. Nefndarmönnum er ætlað að vaka yfir þessum málaflokkum í sínu heimahéraði vera tengiliðir milli stjórnar L.H. og stjórnar hestamannafélaganna á viðkomandi svæði og einnig trúnaðarmanna L.H. varðandi reiðvegagerð. Nefndarmenn skulu tryggja að kunnugir aðilar á viðkomandi svæðum fylgist með skipulagsvinnu sem er í gangi hverju sinni og varði þannig réttindi hestamanna*

*Formaður nefndarinnar skal gera stjórn L.H. grein fyrir störfum nefndarinnar tvívar á ári.*

*Eftirfarandi málaflokkar heyra undir nefndina:*

##### **-ferða- og umhverfismál:**

*Nefndin skal vinna að forvarnar- og leiðbeiningarstarfi í umhverfismálum til að tryggja rétt hestamanna sem notenda, Um er að ræða fyrst og fremst skilgreiningar á viðkvæmum landsvæðum, s.s. miðhálendi Íslands, þjóðgörðum og öðrum svæðum á náttúruminjaskrá, vinnureglur varðandi t.d. ferðamáta, leiðarmerkingar, gerð áningaráhlófa, hugsanlega ítölu hrossa, samskipti við landverði svæðanna o.p.h. Þá skal nefndin vera í samvinnu við opinberar stofnanir og sambærileg hagsmunafélög er hafa með þessi svæði að gera.*

*Nefndin skal vera málsvari hestamanna. Komi upp mál í fjölmöldum sem varðar orðstí hestamanna varðandi umgengni við landið skal nefndin kanna allar hliðar málsins og leggja niðurstöður fyrir stjórn L.H.*

##### **-skipulagsmál:**

*Formaður nefndarinnar skal í upphafi starfsárs kynna sér hjá Skipulagsstjóra ríkisins hvaða landshlutar og svæði eru í vinnslu fyrir svæðis- aðal- og deiliskipulag og kynna það fyrir öðrum nefndarmönnum.*

### **-reiðvegagerð:**

Nefndin skal vinna að samræmdu skipuriti varðandi samskipti umdæmisverkfraeðinga Vegagerðar ríkisins og trúnaðarmanna LH í samvinnu við Vegamálastjóra.

Formaður skal í upphafi starfsárs kynna sér áætlanir um vegaframkvæmdir hjá Vegagerð ríkisins og kynna það öðrum nefndarmönnum og trúnaðarmönnum L.H.

### **-félagsmál:**

Fulltrúi eða fulltrúar nefndarinnar skulu tilbúnir að sækja málþing og fundi annarra félagasamtaka og opinbera aðila sem varða þennan málaflokk.

Eftirfarandi málum hefur nefndin síðan starfað að á liðnu starfsári:

### **- í ferða- og umhverfismálum:**

Stofnuð var nefnd í samvinnu við Náttúruvernd ríkisins, fulltrúa hestaferðabjónustu og Landgræðslu ríkisins, Nefndin hélt fjóra fundi og lagði línum að starfi sínu. Markmið nerfndarinnar er að vekja athygli og skilning stjórnvalda á, að sú aukning í ferðamennsku á hestum sem verið hefur undanfarin ár kallar á fjármagn til uppbyggingar og viðhalðs á helstu leiðum um fjalllendi Íslands og leita leiða til úrlausna. Með forgöngu sinni í þessum málaflokki munu hestamenn um leið bæta ímynd sína í þjóðfélaginu; en til að svo megi verða þurfa hestamenn líka að vera sjálfir til fyrirmynadar. Lögð verður áhersla á friolönd Íslands. Í þessum tilgangi er hafinn undirbúiningur að útgáfu veggspjalds, með leiðbeiningum fyrir ferðamenn á hestum sem dreift verður til allra félaga í LH og sett upp á helstu áningarástöðum á leiðum um fjallendið fyrir næsta vor. Bændasamtök Íslands munu styrkja þessa útgáfu. Nefndina skipa: Einar Bollason, Ragnar Franklín Kristjánsson og Sigríður Sigþórsdóttir.

Sótt var um styrk í fyrsta sinn til Fræðsluráðs Íslands til lagfæringar á reiðleið í Álfavötn. Sótt var um 210.000.-kr. Styrkur var veittur að upphæð 150.000.- kr. Þegar hefja skyldi framkvæmdir, kom í ljós að vinnsla á deiliskipulagai yfir svæðið var nauðsynleg forsenda til framkvæmda. Þeirri vinnu verður ekki lokið fyrr en í veturna svo sótt var um frest á framkvæmdum um eitt ár vega þessa. Framkvæmdin verður unnin í samráði við Náttúrurvernd ríkisins og Landgræðslu ríkisins.

### **-skipulagsmál.**

Miðhálandisskipulagið var í brennidepli. Kort með fyrirhuguðum reiðleiðum skv. skipulagi voru send til 25 hestamannafélaga til umsagnar. Allmargar athugasemdir bárust og var þeim beint áfram til skipulagshöfunda. Brugðist hefur verið jákvætt við öllum framkomnum athugasemdum og tekið tillit til þeirra í úrvinnslu skipulagsins. Þá hafa nefndarmenn verið til aðstoðar og fylgst með svæða-og aðalskipulagsvinnu víða um landið, hver á sínu svæði.

### **-reiðvegamál:**

Nefndin og stjórn LH hefur haft afskipti af reiðvegagerð á eftirtoldum stöðum á árinu; í Eyjafirði, nánar tiltekið frá Akureyri og inn á Melgerðismela vegna Landsmóts 1998, í Heiðmörkinni á félagssvæði Andvara í Garðabæ og einnig í Gusti í Kópavogi. Í öllum tilvikum hefur það skilað árangri. Einnig hefur verið

unnið að lausn reiðvega á Fljótsheiði og í Mývatnssveit, Þingeyjarsýslu í samstarfi við umdæmisverkfræðing Vegagerðar ríkisins á Norðurlandi eystra.

Í frumvarpi til laga um fjárveitingar fyrir árið 1998 hefur reiðvegafé verið aukið úr 11 m.kr. í 22 m.kr. Fyrirhugað er að sú aukning fjárveitingar sem hér um ræðir verði veitt til tveggja ára og notuð til reiðvegagerðar í Eyjafirði á nýjan landsmótsstað, þ.e.a.s. frá Akureyri inn á Melgerðismela. Skv. fyrirliggjandi kostnaðaráætlun frá Vegagerð ríkisins er sú framkvæmd áætluð rúmar 20. m.kr.

Á haustdögum lá fyrir eftirfarandi skipurit um samstarf fulltrúa LH og Vegagerðar ríkisins:

### **Trúnaðarmenn L.H.**

*Ferða- og umhverfisnefnd gerir tillögu fyrir stjórn LH um skipan trúnaðarmanna. Hlutverk trúnaðarmanna er að vera tengiliðir við fulltrúa Vegagerðar ríkisins varðandi allar verklegar framkvæmdir við reiðvegagerð í sínu heimahéraði og gæta þannig hagsmuna hestamanna.*

- *Trúnaðarmenn á vegum LH skulu vera a.m.k. 2 í hverju umdæmi Vegagerðar ríkisins.*
- *Tilkynna skal skriflega til skrifstofu hvers umdæmis Vegagerðarinnar hverjir gegni því starfi f.h. LH.*
- *Trúnaðarmenn skulu mæta á fundi umdæmisverkfræðinga ár hvert, þar sem þeim eru kynntar áætlanir um vegaframkvæmdir hjá Vegagerð ríkisins í viðkomandi héraði, þannig að unnt sé að bjóða út reiðvegi samhliða annarri vegagerð. Umdæmisverkfræðingur boðar til fundarins.*
- *Trúnaðarmenn skulu tilkynna umdæmisverkfræðingi skriflega innan mánaðartíma frá kynningarfundi hvar reiðvega er þörf í tengslum við fyrirhugaðar vegaframkvæmdir og hverra gerðar þeir skulu vera.*
- *Trúnaðarmenn skulu árita umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé, úthlutað af Reiðveganefnd L.H. og kynna þær framkvæmdir fyrir Vegagerð ríkisins.*
- *Rísi upp ágreiningur skal vísa málum til stjórnar LH og Vegamálastjóra.*

Skipuritið var síðan kynnt á fundi með Vegamálastjóra við góðar undirtektir. Formleg afgreiðsla hefur ekki enn borist. Þá voru einnig lagðar fram skriflegar fyrirspurnir til Vegagerðar ríkisins til að varpa ljósi á hvernig þeir túlka skyldur Vegagerðarinnar til reiðvegagerðar m.a. með tilliti til samþykktks skipulags, en víða hjá sveitastjórnnum ríkja þau sjónarmið að við skipulgsvinnu sé ekki ástæða til að skilgreina reiðvegi sérstaklega, þrátt fyrir ótvíræð ákvæði í skipulagslögum. Aftur á móti liggur fyrir óformleg afstaða Vegagerðarinnar að henni beri ekki að leggja reiðvegi, nema skv. samþykktu skipulagi. Sveitarfélögin eru þar með sjálfkrafa að fría Vegagerðina frá kostnaði við gerð viðkomandi reiðvega og þá væntanlega um leið að taka hann á eigin herðar.

Í kjölfarið er fyrirhugaður sameiginlegur fundur með öllum starfandi trúnaðarmönnum LH.

### **-félagsmál:**

Nefndarmenn hafa sótt þing Landverndar og alþjóðlega ráðstefnu um “sjálfbæra ferðamennsku” á liðnu ári. Þá sat fulltrúi nefndarinnar einnig í samráðsnefnd um “Könnun á hrossahögum”.

### **-þingsályktun frá 47. þungi LH 1997:**

Nefndin hefur í störfum sínum tekið mið af ályktunum síðasta þings. Til að ná fram þeim markmiðum hefur verið lögð áhersla á að skipuleggja og samræma innra starf LH þannig að faglegt samstarf við hlutaðeigandi yfirvöld, s.s. Vegagerð ríkisins, Skipulag ríkisins og sveitarstjórnir landsins sé mögulegt. Þá ber samvinna við Náttúruvernd ríkisins og Landgræðslu ríkisins þess glöggt vitni að hestamenn unna landinu og vilja hafa forgöngu um verndun einstakrar náttúru þess.

## **5. HESTURINN OKKAR.**

Bókaútgáfan Skjaldborg tók tímaritið á leigu til 3ja ára frá 1. jan. 1994 og ber fyrirtækið ábyrgð á útgáfu þess. Leigusamningur sem gerður var um útgáfuna fóll í sér að áskrifendaskrá blaðsins var afhent leigutaka til afnota og í leigutekjur fyrir hana fær L.H. tvær auglysingasíður í hverju blaði, sem skrifstofan sér um að afla og þannig koma nokkrar leigutekjur fyrir skrána. Auk þess birtir blaðið reglulega fréttir af starfi L.H. og þjónar þannig eðlilegri upplýsingamiðlun fyrir samtökin. Áskrifendum hefur fjölgæð verulega og blaðið á vaxandi vinsældum að fagna. Full ástæða er til að hvetja sem flesta hestamenn til þess að gerast áskrifendur að blaðinu og stuðla þannig að vexti eigin málögagns.

Leigutímanum þ.e. þessum 3ja ára samningi lauk 31. des. s.l. en samningurinn framlengist sjálfkrafa til eins árs, nema honum sé sagt upp annaðhvort af leigutaka eða leigusala með árs fyrirvara. Þannig mun Bókaútgáfan Skjaldborg halda áfram a.m.k. næsta ár útgáfu blaðsins.

Ritstjóri Hestsins okkar er Hjalti Jón Sveinsson skólameistari að Laugum í Reykjadal.

## **6. SAMSTARFSSAMNINGUR VIÐ FLUGLEIÐIR.**

Þann 1. janúar 1996 var endurnýjaður samstarfssamningur milli Flugleiða h.f. og Hestaíþróttasambands Íslands og Landssambands hestamannafélaga um ferðalög og kynningu á starfsemi Flugleiða og gildir hann til 31. desember 1998. Samningurinn kveður á um ákveðinn stuðning Flugleiða við HÍS með flutningi á landsliði Íslands í hestaíþróttum o.fl. einnig fá HÍS og L.H. nokkra fyrirgreiðslu til að geta sótt fundi erlendis vegna samskipta við FEIF. Í staðinn hvetja HÍS og L.H. aðildarfélög sín til þess að nota þjónustu Flugleiðafyrirtækja, þ.e. bílaleigu, hótel, innanlands og millilandaflug. Búningar íslenskra landsliðsmanna bera merki Flugleiða og fleira þessu tengt. HÍS og L.H. dreifa kynningarefnni vegna lands- og fjórðungsmóta svo og heimsleikana á íslenskum hestum. Samtökin markaðssetja Flugleiðir, flug, bílaleigu og hótel ásamt innanlandsflugi gagnvart erlendum samböndum. Samningurinn auðveldar erlend samskipti fyrir samtök hestamanna og lækkar bein útgjöld vegna þeirra og gera þau raunar möguleg fjárhagslega.

Flugleiðir viðurkenna þátt hestamannasamtakanna í umfangi flugs vegna hestamennskunnar og að hann sé þeim mikilvægur, skapi þeim verkefni.

## **7. ÁNINGARHÓLFASJÓÐUR.**

Tekjur til sjóðsins eru 2% af aðgöngumiðasölu á lands- og fjórðungsmótum.

Eftir FM á Austurlandi 1995 var úthlutað úr sjóðnum og hann tæmdur. Tekjur sjóðsins vegna FM'96 á Suðurlandi voru kr. 294.753. Ekki er vitað um tekjur sjóðsins á þessu ári vegna FM '97. Reikningar mótsins ekki frágengnir.

Á stjórnarfundi L.H. 2. okt. s.l. var farið yfir þrjár umsóknir sem borist höfðu um styrki úr sjóðnum þ.e. frá Geysi, Smára og Mána. Samþykkt var að vísa bréfi Mána til ferða og umhverfisnefndar L.H. en Geysir fær styrk að upphæð 75.000 og Smári styrk að upphæð kr. 40.000. Með áningarálfasjóðnum og tekjum hans hefur allvíða verið unnt að bæta aðstöðu hestamanna á ferðaleiðum. Slíkt er gott og verðugt verkefni. Eitt félag sem fengið hefur úthlutun á eftir að senda til skrifstofunnar reikninga vegna áningarálfins. Unnið er að því að taka saman skrá yfir áningarálfin sem komið hefur verið upp á liðnum árum og aðra nauðsynlega aðstöðu sem ferðamenn á hestum eiga kost á að nýta.

## 8. SKÓGARHÓLAR OG SKÓGARHÓLANEFND.

Gunnar B Gunnarsson Arnarstöðum, Hreinn Ólafsson Helgadal og Guðmundur Einarsson Garðabæ skipa nefndina. Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H. starfar með nefndinni.

Verklýsing: "Nefndin hefur eftirlit með Skógarhólum, hvað varðar viðhald og endurbætur. Í verkahring nefndarinnar er að fá vinnuframlag frá þeim hestamannafélögum sem mest nýta staðinn þ.e. Stór-Reykjavíkursvæðið og Árnессýslu".

Áningaraðstaðan var opnuð 1. júní. Hestamenn nýta sér staðinn mikið er þeir fara með hesta sína í sumarhagana

Umferð hestamanna til Skógarhóla á liðnu sumri var mikil því gistiætur hrossa munu hafa verið nær 4000 eða álíka og í fyrrasumar. Æfinlega er tekið á móti hestamönum þegar þeir koma og hrossin sett í haga. Menn geta nýtt sér gistiðstöðu á staðnum í herbergjum eða tjaldað. Það er hins vegar ljóst að nýting á gistiðstöðu á Skógarhólum var nokkru minni í sumar en oft áður þrátt fyrir mikla umferð hestamanna.

Margir skilja hrossin eftir í öruggri geymslu á Skógarhólum en fara sjálfir í Nesbúð á Nesjavöllum og gista þar í upphituðum herbergjum við góðar aðstæður í stað óupphitaðra herbergja eða tjalda á Skógarhólum. Skógarhólar hafa fengið samkeppni þar sem Nesbúð er varðandi gistingu. Hefðbundnar endurbætur voru unnar á Skógarhólum í vor og sumar, hvað varðar málningu húsa og tiltekt. Hús voru máluð að innan og ýmislegt annað lagfært og bætt. Áburður var borinn á beitilönd og næg og góð beit var á Skógarhólum í allt sumar. Að Skógarhólum er gott að koma og dvelja bæði fyrir menn og hesta. Um Jónsmessuhelgina komu á staðinn um 130 manns með um 350 hross. Staðurinn er vinsæll áningarstaður fyrir hestamenn á ferðalögum, hestamenn af öllu landinu, enda griðland og sameign þeirra sem þeir láta sér annt um. Umgengni gesta á staðnum hefur batnað enda er lögð mikil áhersla á góða umgengni og um hana gilda fastar og ákveðnar reglur.

Leigusamningur Þingvallanefndar við L.H. um Skógarhóla og afnot af svæðinu gildir til ársins 2005. Þingvallanefnd óskaði endurskoðunar á samningnum samkvæmt endurskoðunarákvæðum hans og hafa viðræður farið fram milli stjórnar L.H. og framkvæmdastjóra Þjóðgarðsins Sigurðar Oddssonar. Einnig hefur verið rætt við Þingvallanefnd, en hana skipa: Björn Bjarnason menntamálaráðherra, formaður, Guðni Ágústsson og Össur Skarphéðinsson

alþingismenn Þessum viðræðum er ekki með öllu lokið en leigusamningurinn verður að mestu óbreyttur og gagnkvæmt traust ríkir milli aðila. Í ágústlok var lokið við að tengja rafmagn til Skógarhóla eins og fyrirhugað var að gera í fyrrasumar. Leyfi hafði fengist fyrir þessari framkvæmd hjá Þingvallanefnd. Línulögnin til Skógarhóla er um 2 km. Þar af um 1600 í jörð en 400 m stauralína var óhjákvæmileg yfir Biskupsbrekknahraunið og tengist þar eldri stauralínu. Heildarkostnaður við rafvæðinguna á Skógarhólum er um 2,8 milljónir og áningaleigunni ætlað að standa undir greiðsum ásamt því að leitað verður eftir styrkjum vegna þessa verkefnis.

Verktaki v. strengs í jörð og stauralínu var Sigurður Sigurðarson Laugarvatni. Rafvirkjameistari var einn nefndarmanna í Skógarhólanefnd Guðmundur Einarsson. Sérstakar þakkir til Guðmundar og Sigurðar og annara sem að þessu verki komu.

Skógarhólanefnd ásamt einstökum stjórnarmönnum vinnur að framkvæmd mála. Umsjónarmenn að Skógarhólum í sumar voru hjónin að Þúfu í Kjós, Björn Ólafsson og Guðríður Gunnarsdóttir. Þeim eru þökkuð ágæt störf.

## 9. SKÝRSLA LYFJAÆFTIRLITSNEFNDAR L.H. OG HÍS '96-'97.

Í lyfjaeftirlistnefnd þetta starfsárið störfuðu fyrir hönd L.H. þau: Guðbrandur Kjartansson, formaður nefndarinnar, Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir að Hólum og Einar Ólafsson, Gusti. Af hálfu HÍS voru: Hrafnkell Guðnason og Baldur Björnsson.

Störf nefndarinnar voru með hefðbundnum hætti, og eins og áður naut hún aðstoðar lyfjaeftirlitsmanna ÍSÍ og dýralækna.

Á vegum L.H. voru tekin tvö lyfjapróf, á Fjórðungsmóti Vestlendinga, Kaldármelum. Ekkert athugavert fannst í þeim sýnum né heldur í einu sýni sem tekið var á vegum HÍS vegan Heimsleikana í Noregi.

Guðbrandur Kjartansson.

## 10. SKÝRSLA MANNVIRKJANEFNDAR HESTAMANNA 1996-1997.

Starfsemi mannvirkjanefndar hefur verið í mótaum á undanförnum árum og hafa þær breytingar sem standa yfir í samtökum hestamanna náð til nefndarinnar. Á þessu starfsári urðu þær breytingar að í stað mannvirkjanefndar HÍS sem hefur verið starfandi í nokkur ár er nú orðin til mannvirkjanefnd hestamanna og í henni eiga sæti tveir fulltrúar frá HÍS, tveir fulltrúar frá L.H. og einn fulltrúi frá FT.

Í nefndinni starfa nú Ásgeir J Guðmundsson og Jónas Vigfússon frá HÍS, Geirharður Þorsteinsson og Sigurgeir Bárðarson frá L.H. og Bjarni Sigurðsson frá FT. Nefndin skipti þannig með sér verkum að Jónas er formaður og Geirharður ritari.

Nú hefur verið samþykkt reglugerð fyrir nefndina og eru verkefni nefndarinnar í meginindráttum:

- a) Að vera stjórnnum og félögum HÍS, L.H. og FT til ráðuneytis um gerð mannvirkja sem notuð eru við hestaíþróttir og hestamennsku almennt.  
Er þá m.a. átt við:
  - Keppnis- og æfingavelli, með tilheyrandi mannvirkjum.
  - Reiðvegi.
  - Reiðhallir og skemmur.

- Skipulag svæða til notkunar fyrir hvers konar starfsemi hestamanna.
- b) Að gera tillögur og móta kröfur um gerð mannvirkja sem notuð eru við hestamennsku.
- c) Að halda skrá yfir keppnissvæði á landinu með sem gleggstum upplýsingum.
- d) Að úrskurða og gefa út vottorð um það hvort keppnissvæði uppfylli skilgreind lágmarksskilyrði til keppni og metstaðfestinga.
- e) Að vekja athygli á málefnum tengdum mannvirkjum, sem nefndin telur horfa til framfara.

Er þetta yfirgripsmikið verkefni og hefur nefndin verið að feta sig áfram í störfum sínum og einkum þá við öflun upplýsinga.

Mannvirkjanefnd hefur haldið fjóra fundi á starfsárinu og leggur hún fram eina tillögu til ársþings L.H. 1997 varðand vallargerð, til rýmkunar á reglum og til samræmingar við vallargerð hjá HÍS.

## **11. SKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR L.H. OG HÍS. 1996-1997.**

Æskulýðsnefnd hefur starfað með svipuðu sniði og undanfarin ár. Við höfum reynt að hafa samband við sem flest hestamannafélög til hvatningar unglingsstarfi á sem breiðustum grundvelli.

Nú er þó svo komið, að allflest hestamannafélög eru nánast sjálfum sér nóg með verkefni og hugmyndir fyrir börn og unglings og ber þar að þakka öllu því duglega og áhugasama fólk sem starfar að unglingsmálunum og víst er að einnig gætir góðra áhrifa frá þeim félagsmálanámskeiðum og ráðstefnum sem unglingsnefnd hefur staðið fyrir á undanförnum árum. Þar höfum við fengið mjög góða leiðbeinendur og fræðara um hin ýmsu málefni sem varðar hag æskunnar í íþróttum og ekki síst til að sníða hestaíþróttina að þörf barnanna en ekki fullorðinna og við megum alrei láta staðar numið þar um.

Öll samvinna á þessum ráðstefnum og það að skiptast á skoðunum og læra hvert af öðru og ekki síst fyrir unglingsfulltrúana að kynnast er mikils virði. Einnig kynnast þeir sem eru í unglingsnefndinni fyrir samtökin fulltrúum hestamannafélaganna.

Mín skoðun er sú að ráðstefna fyrir fulltrúa sem starfa með unglingu er nauðsynleg ár hvert, en þar verður að finna tíma sem hentar sem flestum að mæta.

Við verðum að halda áfram að fá nýjar ferskar hugmyndir, og ná til enn fleiri hestamannafélaga helst úr strjálbýlinu. Finna þarf góðar leiðir til að unglingsarnir geti komið saman og leitt saman hesta sína í orðsins fyllstu merkingu, kynnst og glaðst saman.

Æskulýðsnefnd hefur hvatt félögin til að vinna saman í fjórðungum eða landshlutum að æskulýðsmótum, fleiri félög saman og er það vel á veg komið. Einnig að halda sameiginlegar árshátíðir með mat, skemmtiatriðum og dansi. Einnig að halda hestadaga á vetrum þá er komið saman án hesta, en fram fer fræðsla, leikir o.fl.

Einnig hefur nefndin stuðlað að því að einstök félög eignist vina hestamannafélög og fari í heimsóknir hvert til annars sem hefur þá einnig aukið kynni á milli krakkanna í félögunum.

Nefndina skipa þetta árið: Rosemarie Þorleifsdóttir Smára, Elín Magnúsdóttir Sörla, Ragnheiður Júlíusdóttir Mána og Hulda Sigurðardóttir Funa, Arna Kristjánsdóttir Fáki.

Rosemarie starfar sem æskulýðsfulltrúi og einnig hafa starfað sem æskulýðsfulltrúar og komið tímabundið til starfa eftir þörfum aðrar nefndarkonur og fleiri.

Elín Magnúsdóttir sá um hestadaga á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Eydís Indriðadóttir fór með unglings til Austurríkis á Youth Camp. (æskulýðsmót)

Kolbrún Kristjánsdóttir með æskulýðsmót hjá Snæfaxa og aðstoð við æskulýðsmót hjá Blæ annaðist Ragnheiður Samúelsdóttir.

Hulda Sigurðardóttir, aðstoði Freyfaxa og Rosemarie Þorleifsdóttir sá um æskulýðsmót hjá hestamannafélögum austan Hellisheiðar.

Bent skal á samkvæmt samþykkt stjórna beggja samtakanna L.H og HÍS. Sjá skýrslur frá '95 og '96, þá starfa nefndarkonur sem æskulýðsfulltrúar eftir umfangi starfs og þá á launum .

Nokkurs misskilnings hefur gætt um launamál æskulýðsfulltrúa, sem ber að leiðréttu úr hugum fólks. Æskulýðsnefnd er ekki á launum. Hún kemur saman nokkrum sinnum á ári eftir þörfum. Þeir sem koma úr dreifbýli fá ferðakostnað greiddan, þ.e. flug og akstur. Þeir í æskulýðsnefnd sem sinna starfi æskulýðsfulltrúa vinna það eftir umfangi og fá þá greitt fyrir það ásamt ferðakostnaði. Nefndarmenn hafa mikla reynslu í unglingastarfi og þekkja vel til þeirra mála. Það hefur gefist vel að nefndarmenn starfi einnig sem æskulýðsfulltrúar og fari út til félaganna með leiðbeiningarstarf, fræðslu og hugmyndir.

L.H. fær styrk frá ríkinu m.a. vegna æskulýðssmála og er það nýtt til þess málaflokks.

Það er fjárhagslega hagkvæmt að nýta nefndarmenn til þessara starfa, frekar en hafa einn fulltrúa á föstum launum. Það sparar m.a. ferðakostnað.

Árið 1994 fór í æskulýðsstarf samkvæmt reikningum L.H 1.113.256.

Árið 1995 fór í æskulýðsstarf-----866.293.

Árið 1996 fór í æskulýðsstarf----- 878.271.

Vissulega er misjafnt milli ára hversu mikið er aðhafst, en þess ber að geta að 1996 var tekið þátt í þrem mónum erlendis fyrir unglings, þar sem var greiddur nokkur kostnaður frá samtökunum.

Unglingarnir greiða sjálfir allan kostnað hvað varðar uppihald, gistingu og flug, en samtökin fá afslátt á flugi fyrir þau og hafa einnig séð um að borga tryggingar á lánshestum erlendis og greitt flutningskostnað á þeim . Einnig greitt allan kostnað vegna liðstjóra.

Raddir heyrast að unglings njóti fríðinda frá samtökunum vegna móta erlendis, en minna gert heimafyrir, en það er ekki rétt eins og fram kemur hér áður.

Æskulýðsnefnd ætlar og vill beita sér fyrir góðu unglingastarfi innanlands sem utan á sem breiðustum grundvelli.

Við verðum að taka þátt í móturnum erlendis fyrir unglings. Ísland er stórt land fyrir unglings hvað varðar hestamennsku og við verðum að taka þátt. Það kostar sitt, en unglingsarnir eru duglegir að afla styrkja og mörg fyrirtæki fús að styrkja þau og hestamannafélögin veita fjárfamlög til þeirra einnig.

Liðstjórar og fararstjórar safna einnig og hafa nálgast allan kostnað vegna þeirra sjálfra með söfnun.

Erlent samstarf eykur kynni milli landa, eykur sölu á góðum hestum og ungar knapar verða eftirsóttir við þjálfun hesta erlendis.

### Fundir.

Nefndin hefur komið saman 4 sinnum og að auki átt fundi einn eða fleiri með hluta stjórna beggja samtakanna til að ræða málefni unglings.

Formaður nefndar sótti fund með unglingsfulltrúum F.E.I.F. landa sem haldinn er árlega í febrúar, einnig mætti hún á ráðstefnu um unglingsþróttir haldinn í Garðabæ í apríl 1997 á vegum Í.S.Í.

Elín hefur haft nokkra fundi með unglingsfulltrúum á sínu svæði. Ennfremur hefur Hulda haft samband við félög norðanlands og Rosemarie nokkra fundi með unglingsfulltrúum á sínu svæði.

### Fræðsla.

Rosemarie var beðin að koma með fræðsluefni á fund fyrir unglings hjá hestamannafélaginu Mána. Flutti hún erindi um almenna hestamennsku og keppnisþjálfun.. Þetta var í byrjun mars.

Einnig fór hún í 3 skóla að beiðni hestamannafélagsins Smára, með fræðsluefni sem unglingsnefnd hefur tekið saman "Hesturinn fræðsluefni fyrir grunnskóla". Erfitt hefur verið að komast að í skólunum vegna þess hve þeir eru aðþrengdir með kennslu, auk þess hefur Rosemarie kynnt þetta verkefni hjá skólabókasöfnum við jákvæðar undirtektir en það er leið til að koma þessu efni á framfæri, en spurning er, hver á að kynna þetta efni og hvernig í grunnskólunum?

Baráttumál hefur verið að koma hestamennsku að sem valgrein í sem flestum skólum og því til stuðnings er, hve hestamennskan er holl til að hreinsa hugann hjá námsfólk og hestaíþróttir eru góð vímuvörn, því unglingsur á fullu í hestamennsku eyða hvorki peningum sínum né tíma í ósóma.

### Æskulýðsmót.

Æskulýðsstarf er þróttmikið vítt og breitt um landið, en eins og oft vill verða eru oft minnstu fréttirnar af þeim sem eru lengst í burtu þótt þar sé unnið mikið og gott unglingsstarf.

Æskulýðsnefnd hefur sent bréf til allra unglingsfulltrúa félaga um að senda nefndinni skýrslu um unglingsstarfsemi félagsins, en því miður hafa allt of fáar skýrslur borist þegar þetta er ritað,

Mörg félög hafa haft samband við formann nefndar og sagt frá unglingsstarfi í félagi sínu og einnig beðið um hugmyndir og óskað eftir aðstoð.

Einnig hafði formaður nefndar samband við framkvæmdastjóra Fjórðungsmóts á Kaldármelum og unglingsfulltrúa flestra félaga á því svæði eða formenn og var hún með tillögu um að börn og unglingsar fengju sérstakan dagskrálið á mótinu og allir fengju viðurkenningu fyrir þátttöku. Var þessu vel tekið og vel staðið að málum unglings á mótinu.

Æskulýðsmót eru orðin fastur liður í unglingsstarfi hjá mörgum félögum sem er brábært og unglingsanefnd hvetur félög í fjórðungum og eða landshlutum að auka samstarf sín á milli fá fleiri til að standa saman að móti. Auðvelt í dag að keyra hesta á milli fjarða eða annara staða og ættu félögin að styrkja unglingu í því. Það eykur áhuga og hvergi er nauðsynlegra en í dreifbýlinu að æskan leiði saman hesta sína og getu og læri hvert af öðru og kynnist um leið. Þetta þarf að skipuleggja á milli félaga strax að hausti eða snemma vetrar. Markmið hjá unglingsanefnd er að æskulýðsmót séu vel skipulögð mörg félög vinni saman í nágrenni hvors annars. Hafi góða skipulagða dagskrá í leikjaformi með hesta, og kynni nýjar keppnisgreinar eða hestaleiki. Þar starfi unglingsfulltrúar frá félögunum sem taka þátt í mótinu, en æskulýðsfulltrúi sem kemur að, hafi yfirumsjón með mótinu, kynni nýjar hugmyndir og leiki. Æskulýðsfulltrúi á ekki að sjá um reiðkennslu, það verða félögin að sjá um sjálf.

Haft hefur verið samband við formann nefndar og aðra í nefndinni vegna ýmissa atvika sem upp koma gagnvart börnum og unglingu í keppni og hestamennsku. Er það mjög gott því unglingsanefnd ber að standa vörð um heill og velferð barna og unglingu í hestaíþróttum.

Atvik átti sér stað í keppni þar sem 2 börn á sama móti voru dæmd úr leik fyrir að missa hest út úr braut vegna utanaðkomandi truflunar.

Á þessu sama móti kemur það fyrir einnig hjá fullorðnum knapa að hestur hans fer út úr braut vegna utanaðkomandi truflunar, en viti menn hann fær að halda áfram keppni. Slík dómgæsla er óviðunandi. Eitt skal yfir alla ganga og síst á að mismuna börnum gagnvart fullorðnum.

Fyrirspurn (kvörtun) vegna þess að á íþróttamótum þar sem börn og unglingsar keppa ásamt fullorðnum er verið að auglýsa bjór og bjórkvöld. Augljóst er að þetta á ekki að eiga sér stað, við eignum að stunda keppni án áfengra drykkja, þarna þarf að finna aðrar leiðir á auglýsingu á slíkum drykkjum. Við viljum jú halda æskunni frá vímuefnum.

### Erlend mótt.

Þetta árið var eitt mótt í boði erlendis fyrir unglingu en það var Æskulýðsmót (Youth Camp ) í Austurríki 5 stúlkur sóttu um að fara þangað og voru frá 5 félögum. Þær komust allar að því við máttum senda 5 þátttakendur. Ferðin tókst mjög vel og mikil ánægja meðal þátttakenda. Fararstjóri var Eydís Indriðadóttir.

### Verkefni framundan:

1. Ráðstefna fyrir unglingsfulltrúa t.d. febrúar -mars.
2. Fundur hér á landi í febrúar sem Eva María Gerlach Unglingafulltrúi F.E.I.F. boðar til með unglingsfulltrúum F.E.I.F. landa.
3. Stuðla að enn meiri og betra unglingsstarfi í félögum með nýjum hugmyndum, og á milli félaga. Skemmtilegu keppnisári þar sem Landsmót er framundan og stefna að keppni með góðri þjálfun og kunnáttu og aðstoða börn og unglingu til að öðlast þessa kunnáttu.
4. Æskulýðsmót með samvinnu nágrannafélaga um allt land.
5. Unglingamót F.E.I.F. (Youth Cup) verður haldið í fyrsta sinn á Íslandi 13. til 19. júlí á sumri komanda. Nánar kynnt síðar.
6. Norðurlandamót í hestaíþróttum. Þar mega 5 unglingsar taka þátt.

Ég vil að endingu þakka meðnefndarkonum mínum fyrir gott samstarf, stjórnum beggja samtakanna, skrifstofum svo og öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa unglingsastarfinu lið á einn eða annan hátt í hinum ýmsu hestamannafélögum.

Von míni er sú að við sem stundum hestamennsku á hvaða grundvelli sem er, komum fram á þeim velli með heiðarleika í fyrirúmi og réttsýni gagnvart hvert öðru og ekki síst æskunni.

Að við störfum saman með framsýni í huga og stuðlum að sterkum sameinuðum hóp hestamanna í hestaíþróttum með almannuheill að leiðarljósi.

Með kveðju,  
Rosemarie Þorleifsdóttir  
formaður unglingsefndar L.H. og HÍS.

## 12. REIÐVEGAFÉ 1997 - REIÐVEGANEFND.

Reiðveganefnd L.H. fundaði þriðjudaginn 3. júní og miðvikudaginn 4. júní 1997.

Umsóknir bárust frá 27 hestamannafélögum að upphæð kr. 41.090.000.-

Til úthlutunar voru kr. 11.000.000.-

Reiðveganefnd lagði tillögur sínar fyrir stjórnarfund L.H. 4. júní s.l. og samþykkti stjórni L.H. þær eins og reiðveganefnd lagði þær fyrir.

Í reiðveganefnd eru: Birgir R Gunnarsson, Sigurgeir Bárðarson og Jón Bergsson.

	Kr.:
<b>Félögin sjö á höfuðborgarsvæðinu</b>	2.700.000.-
<b>Glaður, Dalasýslu</b>	600.000.-
<b>Snæfellingur</b>	700.000.-
<b>Dreyri, Akranesi og nágr.</b>	400.000.-
<b>Grani, Húsavík</b>	250.000.-
<b>Trausti, Laugardal Grímsnesi</b>	500.000.-
<b>Faxi, Borgarfirði</b>	400.000.-
<b>Smári, Hreppum Árn.</b>	400.000.-
<b>Stígandi, Skagafirði</b>	140.000.-
<b>Sleipnir, Selfoss og nágr.</b>	400.000.-
<b>Kópur, V-Skaftafellssýslu</b>	300.000.-
<b>Skuggi, Borgarnesi</b>	350.000.-
<b>Léttfeti, Sauðárkróki</b>	700.000.-
<b>Snarfari, Skagaströnd</b>	310.000.-
<b>Stormur, Vestfjörðum</b>	500.000.-
<b>Léttir, Funi, Akureyri Eyjafirði</b>	1.500.000.-
<b>Snæfaxi, Þistilfirði</b>	500.000.-
<b>Neisti, A-Hún.</b>	350.000.-

Samtals kr.: 11.000.000.-

### Félögin sjö á Reykjavíkursvæðinu sundurliðun:

Andvari, Sörli, Sóti, Gustur:	600.000.-
Fákur	600.000.-
Skógarhólar	350.000.-

Hörður	350.000.-
Máni	800.000.-

### **13. BREYTINGAR Á REGLUM UM FRAMKVÆMD LANDS- OG FJÓRÐUNGSMÓTA.**

47. ársþing L.H. samþykkti reglur um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta, 6.0.1.

Reglur um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta.

1. grein fellur niður en í hennar stað kemur eftirfarandi:

1. Stjórn L.H. velur landsmótsstað og skal ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl á landsmótsári vegna móts að fjórum árum liðnum.  
Ákvæði til bráðabirgða.  
Fyrir 1. apríl 1997 velur stjórn L.H. tvo landsmótsstaði þ.e. vegna landsmóts árið 2000 og landsmóts árið 2002.
2. Við val á landsmótsstað skal stjórn L.H. leita eftir áhuga eigenda mótssvæða að halda landsmót. Jafnframt leggi stjórn L.H. fram viðmið hvað varðar aðstöðu og búnað sem landsmótsstaður þarf að uppfylla.  
Stjórn L.H. hefur forgöngu um undirbúning landsmóta m.a. með því að hlutast til um að framkvæmdanefnd sé stofnuð. L.H. skal eiga einn fulltrúa í nefndinni. Stjórn L.H. semur við eigendur mótssvæðis hverju sinni um tekjur sambandsins af landsmóti og er heimilt að ganga frá leigusamningi við eigendur mótssvæðis.

#### **Bréf til eigenda mótssvæða.**

Samkvæmt þessari samþykkt um val á landsmótsstöðum leitaði stjórn L.H. eftir áhuga eiganda mótssvæða um að halda mótin með bréfi dags. 18. des. 1996. Umsóknir þar að lútandi áttu að berast til L.H. fyrir 10. feb. ásamt greinargerðum um mótssvæðin. Gert var ráð fyrir að LM árið 2000 yrði á Suðurlandi, LM 2002 á Norðurlandi.

Unnar voru upp viðmiðunarreglur um aðstöðu og búnað á landsmótsstað. Þessar reglur voru samþykktar af stjórn L.H. sem viðmið og síðar sendar til umsækjenda um landsmótin til upplýsinga og fróðleiks. Reglurnar birtar hér aftar í skýrslunni í sama tilgangi.

#### **Undirbúningur.**

Á stjórnarfundi L.H. 21. febrúar 1997 var m.a. rætt um undirbúning að ákvarðanatöku um landsmótsstaði árin 2000 og 2002. Fundurinn skipaði vinnuhóp til þess að setja upp viðmið hvað varðar aðstöðu og búnað sem þarf að vera til staðar á landsmótsstað, samanber ákvæði í reglum um framkvæmd lands og fjórðungsmóta 6.0.1. 2. gr. Vinnuhópurinn átti að skila tillögum um þessi viðmið á næsta fundi stjórnar og þessi viðmið yrðu send eigendum þeirra mótssvæða sem sótt hafa um að halda landsmótin.

Stjórnin skipaði í vinnuhópinn Sigurgeir Bárðarson, Birgi Rafn Gunnarsson og Sigurð Pórhallsson.

Vinnuhópurinn kom saman til fundar á skrifstofu L.H. 25. febrúar og hafði nokkra símafundi.

Farið var yfir ýmiss gögn varðandi lands- og fjórðungsmót á liðnum árum og skýrslur framkvæmdaaðila fyrri móta ásamt greinargerðum um mótssvæðin sem send hafa verið inn til L.H. með umsóknum um landsmótshald og til eru tiltækar á skrifstofunni.

Landssamband hestamannafélaga hefur staðið fyrir landsmóturnum ásamt og með Búnaðarfélagi Íslands (nú Bændasamtök Íslands). Mótin hafa verið á fjögurra ára fresti, það fyrsta á Þingvöllum 1950 og tólfra landsmótið var haldið á Gaddstaðaflötum 1994. Næsta landsmót verður 1998 að Melgerðismelum í Eyjafirði. Mörg hestamannafélög hafa komið að rekstri móttanna hin síðari ár en rekstraraðilar fyrstu móttanna voru einungis L.H. og Blí.

Sífellt auknar kröfur hafa verið gerðar til mótssvæðanna enda hefur umfang móttanna alltaf verið að aukast ásamt vaxandi þátttokufjölda manna og hesta.

Ekkert endanlegt viðmið er til um það, hver skuli vera lágmarks aðstaða á landsmótsstað. Mótssvæðin hafa alltaf verið að stækka og aðstaðan að batna og segja má með réttu að mótsaðstaðan á síðasta landsmóti hafi verið sú besta og mótssvæðið það fullkomnasta til þess tíma.

Pannig hefur þróunin verið. Kröfur og óskir um ennþá betri aðstöðu eru settar fram um mótssvæðin og aðstöðu og búnað sem til staðar þarf að vera vegna keppenda, sýnenda og áhorfenda.

Pegar nú er sett á blað hvað skal vera til staðar á væntanlegum landsmótsstað árin 2000 og 2002 ber að líta til þess, hvað síðasti landsmótsstaður hafði upp á að bjóða og hverju var þar helst ábótavant.

Það er í raun besta viðmiðunin.

Undirritaðir hafa rætt málin og skoðað ýmiss gögn og upplýsingar frá fyrri móturnum og eru sammála um eftirfarandi skilgreiningu á því hvað þurfí að vera til staðar á landsmótsstað þ.e. lágmarks aðstaða. Við gerum okkur fyllilega ljóst að ekki er þessi samantekt eitthvað sem er ófrávirkjanlegt og eflaust má bæta við atriðum sem gætu alveg eins verið á listanum.

## VIÐMIÐUNARREGLUR

**hvað varðar búnað og aðstöðu sem þarf að vera til staðar á landsmótsstað.**

### Vellir:

Keppnisvellir þurfa að vera þrír ásamt upphitunarvelli, sem væri til hliðar við keppnisvelli (ekki of nálægt). Dómhús skulu vera við alla velli, þar með talin dómhús fyrir kynbótadómara. Vellir skulu teknir út af mannvirkjanefnd L.H. og HÍS tveimur vikum fyrir móti.

### Áhorfendasvæði:

Skulu vera snyrtileg og þannig gerð að fólk skyggi sem minnst hvert á annað. Tekið skal mið af fjölda mótshesta fyrri móta. Við hvern völl skal vera áhorfendaaðstaða og við aðalvöll skal vera rými fyrir a.m.k. tíu þúsund áhorfendur.

### Stjórnstöð og annar húsakostur:

Nauðsynlegur húsakostur, stjórnstöð, birgðageymslur og starfsmannaaðstaða þarf að vera til staðar. Hér kemur til greina að nýta færانleg hús eða tjöld sem flutt yrðu á staðinn tímabundið.

### Veitingahús og veitingaaðstaða:

Skulu miðast við að geta á fullnægjandi hátt þjónað mótshestum, starfsmönnum og sýnendum.

**Aðstaða fyrir knapa:**

Búningsaðstaða og veitingaaðstaða fyrir þá þarf að vera til staðar.

**Raflagnir:**

Þurfa að hafa nægja flutningsgetu þ.e. spennar verða að þola mikið álag.

**Bílastæði:**

Aðstaða fyrir bíla mótshesta þarf að vera til staðar 2500-3200 bílastæði.

**Flutningabílar og hestakerrur:**

Skulu hafa afmarkað geymslu- og athafnasvæði.

**Dýralæknir:**

Aðstaða þarf að vera fyrir dýralækni. Hér er m.a. átt við aðstöðu vegna lyfjaprófa.

**Aðstaða fyrir neyðaraðstoð:**

Skal vera til staðar. Björgunarsveit með einn bíl. Æskilegt að læknir sé á svæðinu sem hægt væri að leita til.

**Tölvur:**

Fyrir útreikning einkunna og tölvuskjáir fyrir áhorfendur á meðan á keppni stendur. Hér eru tæknimöguleikar í hraðri þróun og hugsanlegt að auglýsingar gætu borið uppi kostnað sem af slíku leiddi. Athugandi að leigja slíkan tölvubúnað hjá tölvuframleiðendum.

**Hesthúsaðstaða fyrir kynbótahesta:**

Þarf að vera aðgengileg fyrir mótshesti og að öryggis sé gætt vegna slysahættu á það við bæði um menn og hesta. Framkvæmdanefnd mótsins skal ábyrgjast hesthúsaðstöðu í nágrenni mótsstaðarins fyrir aðra stóðhesta. Stóðhestar kynbótasýninga séu í stóðhestahúsi til skoðunar fyrir mótshesti á fyrirfram ákveðnum tímum hvern dag mótsins.

**Vörsluaðstaða fyrir keppnishross:**

Beitarhólf og/eða hesthúsaðstaða skulu vera til staðar fyrir öll keppnishross. Ekki er gerð krafa um hesthúsaðstöðu fyrir stóðhesta sem taka þátt í gæðingakeppni, enda talið eðlilegt að eigendur slíkra stóðhesta sjái um vörsu þeirra.

**Hrossahagar:**

Beitarhólf skulu vera til staðar fyrir ferðahesta eins og þörf er talin vera á, þ.e. beit og/eða heygjöf.

**Gistiaðstaða:**

Tjöld, tjaldvagnar og hjólhýsi skulu hafa afmarkaða aðstöðu nálaegt mótssvæði. Vatnssalerni og önnur nauðsynleg aðstaða skal vera á þessum svæðum. Gistiaðstaða fyrir starfsmenn s.s. gæðinga- og kynbótadómara o.fl. þarf að vera fyrir hendi í nágrenni mótsstaðar.

**Hreinlætisaðstaða:**

Skal vera í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits í viðkomandi lögsagnarumdæmi. Hér er átt við snyrtiaðstöðu, holræsi, rotþrær og nægjanlegt vatn.

**Fjölmíðlar:**

Aðstaða þarf að vera til staðar fyrir blaða og fréttamenn bæði innlenda og erlenda. Aðstaða til sjónvarpsupptöku og þessum aðilum tryggð ásættanleg starfsaðstaða.

**Ljósmyndarar:**

Skulu hafa aðtöðu til myndatöku þannig að þeir truflí ekki áhorfendur eða keppendur.

**Póstur og sími:**

Símasjálfsalar þurfa að vera til staðar. Símkerfi þarf að vera öflugt og hægt að tengja m.a. alla keppnisvelli við stjórnstöð, mótneyti og útvärpsstöð. Hér væri líka hugsanlegt að nota GSM síma eða talstöðvar.

**Aðstaða fyrir löggæslu:**

Skal vera fullnægjandi og í samvinnu við lögreglustjóra umdæmisins.

**Svæðisútvarp:**

Parf að vera til staðar og senda út á íslensku, ensku, þýsku og einu norðurlandamáli.

**Starfsmannabúningar:**

Æskilegt er að allir starfsmenn móttanna séu í auðkenndum starfsmannabúningum eða a.m.k. vel auðkenndir.

Sigurgeir Bárðarson, Birgir Rafn Gunnarsson, Sigurður Þórhallsson.

**Umsóknir um landsmót.**

Stjórn L.H. bárust fjórar umsóknir. Varðandi landsmót á Suðurlandi árið 2000, bjóða Rangárbakkar s.f. fram móttssvæðið á Gaddstaðaflötum við Hellu og hestamannafélagið Fákur býður fram móttssvæði Fáks í Reykjavík. Um landsmótið árið 2000 á Norðurlandi bárust umsóknir frá skagfirsku hestamannafélögunum sem bjóða fram Vindheimamela og frá hestamannafélögunum í Eyjafirði Létti og Funa sem bjóða fram Melgerðismela.

Með bréfi 17. mars 1997 frá stjórn til umsækjenda segir m.a.:

“Stjórn L.H. þakkar þessar umsóknir, sem sýna þrótt og metnað félaganna sem að þeim standa. Ákvörðun stjórnar L.H. um val á væntanlegum landsmótsstöðum verður að byggja á traustum grunni.

Undirbúningur stjórnar L.H. og viðræður við þá aðila sem sóttu um að halda landsmót 2000 og 2002, taka lengri tíma en ráðgert var. Einnig þurfa upplýsingar og fjárhagslegur grunnur að liggja betur fyrir en áður, svo og hugsanlegur stuðningur sveitarfélaga.

Í ljósi þess hve vanda þarf til, áskilur stjórn L.H. sér allan rétt til að fresta ákvárdanatöku um val á landsmótsstað 2000 og 2002 til 1. júní 1997, þrátt fyrir samþykkt síðasta ársþings”.

Stjórn L.H. skoðaði móttssvæðin og átti fundi með eigendum þeirra; með stjórn Fáks 24. maí, með stjórn eyfirsku félaganna 25. maí, skagfirsku félaganna 25. maí og stjórn Rangárbakka 2. júní. Á þessum fundum voru rædd ákveðin vandamál sem skoða þarf og leysa á viðunandi hátt.

Þessi mál eru:

- Treysta þarf rekstrarlegan grundvöll móttanna og minnka fjárhagslega áhættu hestamannafélaganna sem mótin halda.
- Setja fleiri stoðir undir mótaðaldið. Mótin skapa verulegar gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið vegna erlendra ferðamanna. Ferðaiðnaðurinn tekur allt á þurru en greiðir ekkert fyrir aukin umsvif. Ræktunargeiririnn leggur lítið til landsmótanna sem eru einhver besti og öflugasti markaðsgluggi fyrir hrossaræktina.

- c) Nauðsynlegt að fá auknar tekjur fyrir móttssvæðin sem hestamannafélögin eiga og reka, m.a. væri eðlilegt að fá gjald fyrir árlegar sýningar kynbótahrossa.
- d) Mótsstjórnir landsmóta eru fjárvana í upphafi, engin sjóður til sem fjármagnar undirbúningsvinnu, auglysingar og annan kostnað sem verður til á undirbúningstíma. Byrjað er að taka lán í banka sem mótsstjórnarmenn eru í persónulegri ábyrgð fyrir því engar tekjur koma inn fyrr en á mótinu sjálfu.
- e) Menn voru sammála um að leiga fyrir móttssvæðin og rekstur landsmótanna væru tvö aðskilin mál. Með fjölgun landsmótanna þ.e. að halda þau annað hvert ár er verið að sinna hagsmunum miklu fleiri aðila en hestamanna einna. Við því þarf að bregðast. Stjórn L.H. gaf fyrirheit um að vinna að úrbótum hvað þessi atriði varðar.

### **Val á landsmótsstöðum.**

Þann 4. júní s.l. var haldinn stjórnarfundur í stjórn Landssambands hestamannafélaga þar sem meðal annars var tekin ákvörðun um landsmótsstaði fyrir árin 2000 og 2002.

Stjórn L.H. hafði auglýst eftir áhuga nokkurra móttssvæða um að halda landsmót hestamanna árin 2000 og 2002.

Tvær umsóknir bárust um landsmót árið 2000 þ.e. frá Rangárþökkum s.f. á Hellu og frá hestamannafélaginu Fáki í Reykjavík.

Einnig bárust tvær umsóknir um landsmót árið 2002 þ.e. frá Vindheimamelum í Skagafirði og frá Melgerðismelum í Eyjafirði.

Stjórnin samþykkti samhljóða að landsmóts hestamanna árið 2000 verði haldið í Reykjavík á félagssvæði Fáks í Viðidal og jafnframt samþykkti stjórnin samhljóða að landsmót hestamanna árið 2002 verði haldið á Vindheimamelum í Skagafirði.

### **Nýjar stoðir að fjármögnun landsmóta. Landsmótasjóður.**

Á fundum stjórnar L.H. með eigendum móttssvæðanna sem greint er frá hér á undan kom fram að treysta verður rekstur landsmótanna og finna leiðir til þess. Á fundi stjórnar 4. júní voru þessi mál rædd þ.e. á hvern hátt stjórn L.H. geti stutt framkvæmdaneft LM'98 í að leita leiða til að styrkja fjárhagslegan grundvöll mótsins. M.a. var Framleiðnisjóður landbúnaðarins hafður í huga og fleiri aðilar. Þá var einnig rætt um að L.H. hlutist til um að stofnaður verði sjóður í umsjá L.H. sem láni framkvæmdaneft LM hverju sinni til að hefja undirbúning móta. Formanni og framkvæmdasjóða L.H. var falið að vinna að málínu hið fyrsta. Í þessu sambandi ræddu þeir við formann og framkvæmdastjóra Bændasamtakanna, Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson í byrjun ágúst og leituðu eftir vilja Bændasamtakanna á því að gerast rekstraraðilar að landsmótnum. Töldu þeir að Bændasamtókin hefðu ekki áhuga á rekstraraðild móttanna og síðar var það staðfest af stjórn Bí. Beinn fjárvæðingur Bí gæti ekki orðið umtalsverður.

Bændasamtókin hafa hins vegar áhuga og vilja til að leita leiða með L.H. til að styrkja grundvöll móttanna með öllum tiltækum ráðum m.a. með stofnun landsmótasjóðs. Ákveðið var á fundinum að L.H. og Bí leituðu fjárfamlaga til að mynda landsmótasjóð sem þjónaði því hlutverki að veita áhættulán til móttshaldara á undirbúningstíma hvers móts. Lán úr sjóðnum yrðu vaxtalauð og endurgreidd með innkomu móttanna. Stefnt er að því að stofnfé sjóðsins gæti

orðið allt að 6 milljónum króna. Leitað verður um framlög í sjóðinn m.a. frá Framleiðnisjóði, Landbúnaðar og Samgönguráðuneytum. Til viðhalds sjóðsins og til eflingar hans og endurnýjunar kæmu framlög frá landsmótunum t.d. 3% brúttó innkomu aðgangseyris. Reglugerð yrði sett um sjóðinn og skipuð sjóðstjórn fyrir hann.

Framkvæmdastjórum Bí og L.H. var falið að vinna sameiginlega að framvindu málsins. Unnið hefur verið að málinu við jákvæðar undirktir m.a. haft samband við Félag hrossabænda um samstarf. Ákveðið er að mynda sjóðinn og stefnt að því að hann verði til fyrir næstu áramót.

## 14. FRÁ DÓMARAFÉLAGINU.

Stjórn dómarafélags L.H. 1996-1997 skipuðu:

Þormar Ingimarsson, formaður, Guðni V. Jónsson, ritari  
María D. Þórarinsdóttir, gjaldkeri, Sigurbjörn Bárðarson meðstjórnandi.

Samkvæmt lögum L.H. skal aganefnd skipuð formanni Dómarafélagsins ásamt tveimur öðrum, sem stjórnin skipar, en þeir eru Jóhann Þorsteinsson og Friðþjófur Þorkelsson.

Starfssvið nefndarinnar er að skera úr um ágreining sem upp kann að koma um túlkun reglna um gæðinga- og unglingsakeppni, að afgreiða kærur og kvartanir sem berast stjórn félagsins eða deildarstjórum, og að gæta þess að í heiðri séu hafðar þær reglur um dómara og dómstörf sem í gildi eru á hverjum tíma.

Dómarafélag L.H. skiptist í 6.deildir: Suðurlandsdeild, Suðvesturlandsdeild, Vesturlandsdeild, Norðvesturlandsdeild, Norðausturlandsdeild og Austurlandsdeild.

Aðalfundur ofangreindra deilda var haldinn á Hótel Sögu þann 4. maí s.l. Til fundarins mættu fulltrúar flestra deildanna og var farið yfir störf aðalstjórnar og reikningar samþykktir.

Í byrjun árs átti stjórn Dómarafélagsins fund með nýkjörinni stjórn L.H. og á þeim fundi kynntum við þá hugmynd að dómrarar og Hólaskóli ættu með sér aukið samstarf í menntunarmálum dómara t.a.m. varðandi kennsluefní á rit- og myndmáli. Á Hólum er einvala hópur af góðum kennurum og öll aðstaða fyrir framgang hestamennskunnar eins og best verður á kosið. Stjórn L.H. tók vel í hugmyndina og setti á fót nefnd til að vinna að framgangi málsins, en nefndina skipa Halldór Gunnarsson fulltrúi L.H. Þormar Ingimarsson form. fulltrúi dómarafélagsins og Trausti Þ. Guðmundsson fulltrúi F.T. Nefndin hélt einn fund þar sem ákveðið var að hefja viðræður við Hólamenn. Þær viðræður komust aldrei í gang að þessu sinni, því á aðalfundi deildanna þann 4. maí 1997 var málefnið kynnt dómurum og verður því miður að segjast að þar hlaut hugmyndin það dræmar undirktir að form. dómarafélagsins taldi sér ekki fært til frekari aðgerða að þessu sinni. Þetta mál þarf frekari kynningar og umræðu meðal dómara um hvernig menntunarmálum þeirra til framtíðar séð verður best borgið.

Eitt gæðingadómaranámskeið var haldið á árinu og var það á Hólum undir leiðsögn Jóhannss Þorsteinssonar. Hólamenn fengu kennslugögn Dómarafélagsins

til sín og sáu alfarið um námskeiðið þar sem fjórir framhaldsnemar útskrifuðust. Segja má að ákveðin byrjun hafi átt sér stað varðandi samstarfið við Hólamenn. Dómarafélagið leggur fram á þessu þingi 2 tillögur um breytingar á gæðingakeppninni og 1 tillögu um breytingu á reglum um félagsaðild.

## 15. FJÓRÐUNGSMÓT Á VESTURLANDI 1997.

Mótið fór fram dagana 26.-29. júní á Kaldármelum. Öll hestamannafélögin á Vesturlandi og Vestfjörðum tóku þátt í framkvæmd mótsins. Formaður framkvæmdanefndar var Kristján Gíslason og framkvæmdastjóri Grettir B Guðmundsson. Mótið tókst að flestu leyti vel en veðrið hefði mátt vera betra í upphafi móts en batnaði síðari daga mótsins.

## 16. MÓTANEFND L.H. MÓTADAGAR.

Nefndina skipa: Sigbjörn Björnsson Lundum formaður, Reynir Hjartarson Akureyri, Halldór Gunnarsson Akureyri. Nefndin kemur að niðurröðun móta fyrir hvert keppnistímabil í samstarfi við skrifstofu L.H. eftir umsóknum félaganna um mótaga. Einnig fer nefndin yfir umsóknir um staðfestingar á metum í hlaupum og gerir tillögur til stjórnar L.H. um staðfestingu eða synjun.

Eins og undanfarin ár vann skrifstofa L.H. úr umsóknum félaganna og raðaði þeim niður. Það verður sífellt erfiðara að skipa þannig mótagögum að ekki valdi einhverjum árekstrum. Mótum hefur fjölgæð, en aðsókn minnkað. Varðandi landsmót, fjórðungsmót og Íslandsmót í hestaíþróttum, hafa þau sérstöðu, önnur móti eru ekki sett á þá daga sem þau móti eru haldin. Meira verður að ráðast með önnur móti, hvort þau rekist á eða ekki. Þörf er á því að nágrannafélög eða félög í sama fjórðungi tali sig saman um mótaga til þess að koma í veg fyrir óþarfa árekstra. Brýnt er að mótaskrá sé tilbúin og fyrirliggjandi um áramót. Um skrána er mikið spurt, enda varðar hún marga og auðveldar m.a. dómaranefndum að fá dómara og raða þeim á mótin.


### Skýrsla mótanefndar.

Uppsetning og niðurröðun móta í mótaskrá var með hefðbundnum hætti. Hvíldi það mest á skrifstofu L.H. Mótanefnd lagði töluverða vinnu í undirbúning að ráðstefnu á Akureyri í apríl samkvæmt samþykkt síðasta ársþings.

Yfirschrift ráðstefnunnar var “**Hvað getum við gert til að skemmta áhorfendum og gera mótin fjölbreyttari og eftirsóttari?**” Gert var ráð fyrir fimm vinnuhópum á ráðstefnunni:

1. **Kynbóta og ræktunarsýningar.**
2. **Gæðingar A og B flokkur.**
3. **Barna-unglinga og ungmenakeppni.**
4. **Hið mögulega og ómögulega.**
5. **Draumórahópurinn.**

Er skemmst frá því að segja að viðbrögð félaganna voru með eindænum dræm. Olli það mótanefnd miklum vonbrigðum. Varð því að aflýsa ráðstefnunni. Afdrif tillögu frá 46. ársþingi um landsmót - stefnumótun til framtíðar, voru svipuð. Ekkert bættist við af svörum. Mótanefnd vann engu að síður upp eftirfarandi hugmyndir, þó ekki væri nema til að skapa umræðugrundvöll:



## Landsmót hestamanna

Sigbjörn Björnsson

---

---

---

---

---



## Rekstrarform landsmóta

- Stofna rekstrarfélag um LANDSMÓT HF.
- Svæðin halda mótin
- Einn eða fleiri stórir styrktaraðilar
- Vilja Vest-og Austfirðingar standa að rekstri móta fyrir norðan og sunnan ?
- Vilja aðrir hagsmunaaðilar koma að rekstri ?
- Frkv. stjóri og skrifstofa LH virki öflug í markaðsetningu og samræmingu milli móta.



(Safna upp þekkingu !)

---

---

---

---

---



## Innihald landsmóta

- Meira íslenskt, tengja við óhefðbundið
- Sleppa kappreiðum, þ.e. stökki og brokki
- A og B flokk fyrir stóðhesta
- Sýna yngstu kynbótarossunum meiri sóma
- Efla sölusýningar, þ.e. sér völl og tíma
- Uppboð á mjög álitlegum stóðhestefnum og hryssum
- Hvíld á sunnudagsmorgni



---

---

---

---

---



## Fjármál landsmóta



- Mótssvæði athugi með sameign á hlutum
- Aðhaldssemi í fjárfestingu
- Halda uppi gæðum og reisn
- Skráningagjöld á öll hross
- Fáa en stóra styrktaraðila
- Töku og myndbandsréttur þarf að skila inn tekjum.

---

---

---

---

---



## Rammasamningur við B.I.



- Skráningagjöld á kynbótahross
- Borgi hluta af launum framkvæmdastjóra
- Kosti upphald dómara
- Kostnað vegna móttsskráa
- Breyta formi kynbótasýninga ?

---

---

---

---

---



## Eftirgjald til LH.



- Á LH að hafa umtalsverðar tekjur af LM ?
- Hvað er eðlilegt ?  
7 - 10 - 15 - 20 %
- Óbreytt
- Útboð

Kemur niður á félagsþætti

---

---

---

---

---



Mót .....

- Opna Austurlandsmótið 1999
  - Gæðingakeppni félaga á austurlandi
  - Opið fyrir kynbótaross á norðurlandi
- Opna Vesturlandsmótið 2001
  - Gæðingakeppni félaga á vesturlandi
  - Opið fyrir kynbótaross á suðurlandi



---

---

---

---

---

---

---

Á árinu bar hæst Fjórðungsmót á Vesturlandi. Gott mótt, en ekki hnökralaust. Var þar reynd nýjung A og B flokkur stóðhesta, opið á landsvísu. Var ánægja með þetta framtak Vestlendinga.

Lofsvert var einnig dirfska og áræði Fáks og sjónvarpsstöðar Sýnar með að endurvekja veðreiðar. Fyrst hægt var að klára þetta í því veðri sem þar var er allt hægt.

Sótt var um staðfestingu á einni metjöfnun, þ.e. afrekshryssan Lúta frá Ytra-Dalsgerði jafnaði Íslandsmetið í 150 m skeiði á Suðurlandsmóti í hestaíþróttum á tímanum 13,8 sek. Íslandsmetið á Leistur frá Keldudal.

Mótanefnd hefur ákvæðið í samráði við GSP almannatengsl og framkvæmdanefnd LM'98 að gera skoðanakönnun á LM'98 um vilja gesta. Kemur niðurstaða úr þeiri könnun til með að nýtast framkvæmdanefndum á komandi landsmótum.

Að lokum þetta; þeir eiga miklar þakkir skildar, blaðamenn sem sinnt hafa okkur hestmönum vel með uppbyggjandi skrifum.

f.h. Mótanefndar L.H.  
Sigbjörn Björnsson.

## 17. SKÝRSLA FRAMKVÆMDANEFDAR LANDSMÓTS 1998.

Það var í maí 1996 sem fyrsti fundur var haldinn varðandi undirbúning Landsmóts 1998. Þar var ákvæðið að þau félög sem stæðu að mótinu, Snæfaxi í Þistilfirði, Feykir í Öxarfirði, Grani á Húsavík, Þjálfi í S.-Þingeyjarsýslu, Þráinn á Grenivík, Hringur á Dalvík, Funi í Eyjafirði og Léttir á Akureyri, tilnefndu hvert tvo menn í undirbúningsnefnd og stjórn LH tilnefndi einn. Þessi undirbúningsnefnd kom síðan saman til fyrsta fundar í Rauðuskriðu um hálfum mánuði síðar og kaus sér fimm manna framkvæmdastjórn sem skipti með sér verkum, form. Jón Ólafur Sigfússon, Létti, ritari Gísli Haraldsson, Þjálfa, gjaldkeri Hólmeir Valdemarsson, Létti og meðstjórnendur þeir Ármann Ólafsson, Funa og Þorsteinn Hólm, Hring. Þessi stjórn hefur síðan haldið marga fundi og fund með allri undirbúningsnefndinni á haustdögum 1996 og ákvæðið er að halda annan slíkan nú í haust.

Helstu upphafspunktar stjórnarinnar voru markaðs- og kynningarmál ásamt fjárlunarmarkmiðum, því eins og oft hefur verið bent á, bæði af stjórn LH, landsþingsfulltrúum og ýmsum öðrum aðilum, þarf að skjóta styrkari stoðum undir þetta mótaðald heldur en verið hefur að undanföru. Má segja að kynbótageirinn hafi spilað mikil til frítt spil ásamt ferðaþjónustuaðilum sem flestir taka allt sitt á þurru. Fljóttlega kom í ljós að þeir aðilar sem leitað var til með fjármagn voru fastheldnir á það og þegar þetta er ritað, 10. október 1997, hefur enn ekki komið inn ein einasta króna. Á haustdögum lánaði þó stjórn LH okkur 200.000 krónur til að bæta úr brýnni þörf. Höfum við oftlega spurt okkur á undanförunum mánuðum til hvers erum við að eyða púðri og vinnu í að auglýsa mótið erlendis þegar þeir aðilar sem mestra hagsmunu hafa að gæta eru ekki tilbúnir til að liðsinna okkur. Til hvers er Útflutnings- og markaðsnefnd? Er hún fyrir hestamenn og hestamennsku almennt í landinu eða er hún fyrir einhver sérstök gæluverkefni nefndarmanna? Hvað þýðir orðið „Markaðsnefnd“? Spyrt sé sem ekki veit en hitt veit ég að framkvæmdastjórnin er tvívegis búin að óska eftir styrk Útflutnings- og markaðsnefndar til bæklingagerðar og markaðsstarfs en jafn oft verið hafnað og rökin eru fáránleg. Til þess að halda þeirri starfsemi gangandi sem framkvæmdastjórnin hefur sett sér hafa nefndarmenn tekið persónuleg lán til framkvæmda því ekki er hægt að geyma alla reikninga þar til að afloknu Landsmóti.

Það helsta sem gert hefur verið í þessu máli er það að árið 1995 var gefinn út kynningarbæklingur sem dreift var á heimsmeistaramótinu og einnig kom út bæklingur sl. haust í 10.000 eint. á ensku og þýsku. Hefur honum verið vel tekið og m.a. dreifdum við honum til flestra ferðaþjónustuaðila hérlendis sem gefa sig út fyrir hestamennsku og er hann nú búinn. Var síðustu eintökunum dreift á skeiðmeistaramótinu nú í haust. Einig höfum við notað okkur vini og kunningja sem eru að fara erlendis og hafa þeir dreift bæklingnum fyrir okkur. Er nú verið að leggja síðustu hönd á annan bækling sem mun hafa að geyma nánari upplýsingar og dagskrá mótsins. Kemur hann einig út í 10.000 eint. á ensku og þýsku. Við höfum auglýst mótið á Equitana og fengum þar góðar viðtökur, m.a. hélt samgönguráðherra boð meðal ferðafrömuða þar sem Landsmótið var kynnt sérstaklega. Á heimsleikunum í Noregi var bæklingnum okkar dreift af markaðsfulltrúa Félags hrossabænda og kynningarfulltrúa Eiðfaxa og þótti mér miður að sjá í Dugi-Tímanum sneið til okkar framkvæmdaneftardarmanna um það að ekki hefði viðkomandi pistlahöfundur orðið þar neitt var við kynningu á Landsmótinu! Hvar var hann? Við vorum þar ekki persónulega m.a. vegna áðurframkomina fjármögnunarvandræða en gerðum okkar til þess að koma bæklingnum okkar í umferð. Veit ég að viðkomandi aðilar gerðu það sem í þeirra valdi stóð og fær ég þeim bestu þakkir fyrir.

Auglýsingar frá okkur hafa verið settar í Eiðfaxa International og í þýskt hestatímarit sem gefið er út í 220.000 eintökum. Aðilar í sölu hestaferða hafa verið duglegir að auglýsa Landsmótið, enda jafnframt þeirra hagur, og nú er verið að leggja lokahönd á heimasíðu fyrir Landsmótið á Internetinu en hún verður í samstarfi við Upplýsinga- og ferðamiðstöðina á Akureyri þar sem jafnframt er hægt að verða sér úti um margvíslegar upplýsingar sem snérta Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið.

Jafnframt þessu kynningar- og markaðsstarfi hefur verið unnið að undirbúningi mótsins sjálfs fram á Melgerðismelum. Stjórn LH gerði að okkar mati

tímamótasamning þegar hún samdi við eigendur svæðisins um afnot af svæðinu og kemur það okkur í undirbúningsnefndinni mjög til góða að þurfa ekki að vera að vasast í framkvæmdum á svæðinu. Þar hafa landeigendur staðið sig mjög vel og hafa lagt allan sinn metnað í að móttssvæðið verði hið fegursta og besta þegar stóra stundin rennur upp næsta sumar. Vonandi verður ekki hvikað frá slíkum samningum við eigendur móttssvæða í framtíðinni. Dagskrá mótsins er nú þegar tilbúin þó e.t.v. megi búast við einhverjum smávægilegum breytingum á tímasetningum. Mörg mál sem snerta beina framkvæmd mótsins eru vel á veg komnar svo við kvíðum ekki því að þegar stóra stundin rennur upp þá verði mörg mál óleyst.

Framkvæmd þessa móts verður eflaust í mörgu frábrugðin framkvæmd undangenginna landsmóta og kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er þetta nýr staður og nýr framkvæmdaaðilar. Í öðru lagi eru mun færri félög og smærri sem standa að mótinu og því óhægra um vik með mikla sjálfboðavinnu. Gerðu félagar okkar hér vestan Tröllaskaga okkur tölverðan óleik þegar þeir ákváðu að draga sig út úr samstarfinu og með tali sínu um fjárhagslega áhættu á mótinu á opinberum vettvangi í fyrra, sáðu þeir fræjum efasemda og vantrúar hjá mörgum þeim sem við höfum þurft að leita til. Vonandi verður það ekki til þess að illa fari. Og í þriðja lagi eru það nú þannig að engin tvö mótt eru eins. Alltaf er reynt að gera betur en síðast, finna það sem betur hefði mátt fara og reyna að laga það. Síðan kemur í ljós hvort við höfum haft erindi sem erfiði.

Framkvæmdastjóri hefur enn ekki verið ráðinn þar sem við höfum ekki aðstöðu til að greiða honum laun og hefur því öll sú vinna sem innt hefur verið af hendi verið unnið af stjórnarmönnum. Ljóst er þó að slíkt gengur ekki til lengdar.

Varðandi það sem næst er á döfinni hjá framkvæmdastjórn má segja að hér eftir fórum við að einbeita okkur að mótinu sjálfu og íslenskum mótgæstum. Markaðsstarf erlendis, það sem gert hefur verið, verður að duga úr þessu og nú er það Ísland og íslenski hesturinn sem á hug okkar allan.

Verið velkomin á Melgerðismela 8-12. júlí 1998.

Framkvæmdastjórn Landsmóts.

## 18. HELSTU VIÐBURÐIR ÁRSINS.

**Sýning Stóðhestastöðvarinnar** í Gunnarsholti var haldin 4. maí, sömu daga voru **Hestadagar í Reiðhöllinni** í Reykjavík og sótti sýningarnar fjöldi manns að vanda.

**Fjórðungsmót Vestlendinga** var haldið á Kaldármelum 26.-29. júní. Þetta var mikið og gott mótt og sýndi öðru fremur hversu Vestlendingar eiga góð hross en veðrið hefði mátt vera betra í byrjun mótsins.

**Íslandsmótið í hestaþróttum** fór fram á Vindheimamelum 18.-20. júli. Skráningar og þátttaka var mikil og allur undirbúningur og framkvæmd með ágætum. Áhorfendur fleiri en oftast áður á íslandsmótum.

**Heimsleikar á íslenskum hestum** voru haldnir í Seljord í Noregi 4.-10. ágúst. Landslið íslands stóð sig frábærlega vel og hlutu fleiri verðlaun en nokkru sinni áður.

**Stórmót** þar sem nokkur hestamannafélög stóðu saman að mótsvaldi voru nokkur á árinu.

**Hvítasunnumót Fáks** var fjölmennt og þátttaka mikil og þannig mætti lengi telja því móta- og viðburðaskrá hestamannafélaganna sem skrifstofa L.H. safnar saman er mikil flóra þegar allt kemur saman.

**Félag tamningamanna og fleiri** voru með sýningar í Reiðhöllinni í Reykjavík.  
**Vestlendingar** með sýningu í Reiðhöll Gusts í Kópavogi.

## 19. AÐALFUNDUR FEIF.

Fundurinn var haldinn í Oslo 21. september s.l. Fundinn sóttu fyrir Íslands hönd Birgir Sigurjónsson formaður L.H. fyrir L.H., Kristinn Hugason hrossaræktarráðunautur fyrir Bændasamtök Íslands og Víkingur Gunnarsson ræktunarfulltrúi FEIF og stjórnarmaður í samtökunum.

## 20. FEIF - NEFND.

Hlutverk nefndarinnar.

Nefndinni er ætlað að móta erlend samskipti við FEIF fyrir Íslands hönd, samræma vinnubrögð og marka samskiptareglur og verklag að erlendum samskiptum vegna FEIF mála. L.H. og Bændasamtök Íslands eiga aðild að FEIF fyrir Íslands hönd en HÍS fer með sportmálin (hestaíþróttapáttinn) samkvæmt sérstöku erindisbréfi frá L.H.

Vegna Heimsleikanna á ísl. hestum er um að ræða sameiginlegt landslið Íslands í hestaíþróttum og kynbótum. Hér er því um eina liðsheild að ræða og efla þarf góðan liðsanda og móta sameiginlegar reglur sem fara ber eftir. Gera kostnaðaráætlun og finna eðlilegan farveg fyrir kostnaðarhlutdeild og deila honum á rétta aðila og sjá til þess að fjárhagsgrundvöllur sé til staðar einnig er nefndinni ætlað að vera stjórnnum samtakanna til ráðuneytis og leiða þetta starf í farsælan farveg. Heimsleikarnir eru afar mikilvægir vegna kynningar og markaðssetningar á íslenska hestinum þátttaka okkar kostar mikla fjármuni sem samtök hestamanna og aðrir sem málið varða þurfa að standa undir.

Á stjórnarfundi L.H. 8. des. s.l. voru eftirgreindir aðilar tilnefndir í nefndina:

Fulltrúi L.H. - Birgir Sigurjónsson formaður L.H.

Ræktunarfulltrúi FEIF og stjórnarmaður - Víkingur Gunnarsson

Bændasamtök Íslands - Kristinn Hugason

Félag hrossabænda - Bergur Pálsson

Fulltrúi HÍS - Jón Albert Sigurbjörnsson

Félag Tamningamanna - Trausti Þór Guðmundsson

## 21. SKÝRSLA VÍKINGS GUNNARSSONAR RÆKTUNARFULLTRÚA FEIF.

Á árinu var haldið fyrsta réttindanámsskeið FEIF fyrir kynbótadómara og fór það fram á Hólum 4.-8. maí sl. Námsskeiðið var eingöngu ætlað þeim sem höfðu umtalsverða reynslu af kynbótadómum og höfðu stuðning íslandshestafélags

heimalandsins. Þáttakendur voru 8 og stóðust 5 þeirra lokaprófið sem gefur þeim alþjóðaréttindi FEIF til tveggja ára. Kennarar voru undirritaður og Kristinn Hugason hrossaraektaðunautur en Jón Vilmundarson héraðsráðunautur var prófdómari. Þegar hefur verið ákveðið að halda annað slíkt námsskeið næsta vor og einnig eru í bígerð námsskeið fyrir ræktendur og minna vana dómara.

Frábært heimsmeistaramót í Noregi er enn í fersku minni. Aðstaða, skipulag og framkvæmd var til fyrirmynnar að ógleymdum góðum hrossum og knöpum. Þetta var fyrsta mótið þar sem nýju kynbótareglurnar voru notaðar. Framkvæmd dóma og sýninga á kynbótahrossunum var miklu betri nú en fyrr. Samstarf dómara gekk með ágætum og ekki komu upp nein kærumál sem hvorú tveggja er nýlunda á heimsmeistaramóti. Því miður mættu ekki nema liðlega 20 kynbótahross til leiks en vonast hafði verið eftir upp undir 40 hrossum. Þar sem svo fátt var valið inn á mótið hefði mátt búast við miklum gæðum. Hins vegar verður að segjast að sum hrossanna voru of slök til að sjást á heimsleikum. Einnig hitt að topphross sáust vart þó sum væru prýðileg. Íslenska sveitin bar nokkuð af.

Hvað veldur þessari frekar slöku heildarútkomu ? Fyrst er rétt að minnast fyrri móta. Alltaf hefur verið nokkuð um það að aðeins miðlungshross eða tæplega það eru valin til þáttöku. Það þýðir hreinlega að ekki er um auðugri garð að gresja í sumum aðildarlöndunum. Það er alvarleg staða sem tekur langan tíma að bæta og leiðir hugann að samkeppnisstöðu íslenska hestsins gagnvart öðrum hestakynjum innan viðkomandi lands. Önnur skýring er sú að ekki hafi verið staðið rétt að vali hrossanna inn á mótið. Eðlilega verður að nota FEIF dómkvarðann til þess en allur gangur var á því meðal þjóðanna. Þennan þátt er tiltöluleg auðvelt að leysa, t.d. með skipulögðum úrtökumótum innan landanna á vegum FEIF tiltölulega stuttu fyrir heimsleikana. Þriðja skýringin á ekki sterkari kynbótasýningu á heimsleikunum var hálfert óstand á sumum hrossanna. Einhver þeirra voru þreytt og leið eftir mjög langan og strangan þjálfunartíma á árinu. Sérstaklega getur verið erfitt að ná stóðhestunum í gott sýningarform á þessum árstíma. Til leiks mættu t.d. hestar sem höfðu verið í hryssum í mest allt sumar og stóðu engan veginn undir dónum sem þeir höfðu fengið í vor, hvorki fyrir byggingu né hæfileika.

Eðlilega eru skoðanir skiptar bæði um hvort og hvernig standa eigi að kynbótasýningum á heimsleikunum. Í upphafi voru þessi móti eingöngu ætluð fyrir íþróttagreinarnar. Seinna var kynbótasýningunum bætt við en þó hafðar frekar til hliðar í öllu skipulagi. Sumum finnst mótin ofhlaðin og vilja kynbótasýningarnar út aftur. Aðrir vilja frekar freista þess að bæta sýningarnar og gera þeim hærra undir höfði en nú er gert. Í FEIF samstarfinu hafa íslendingar frekar aðhyllst síðarnefndu leiðina.

Fróðlegt væri að heyra álit þingfulltrúa á þessu máli.

Á aðalfundi FEIF í september sl. voru samþykktar tillögur varðandi skýrsluhald við ræktun íslenska hestsins. Tillögurnar, sem taka gildi 1. janúar 1999, miða að aukinni samræmingu á gerð upprunavottorða, minni skriffinsku og auknu öryggi í ættfærslum og merkingum hrossa. Þar er t.d. gert ráð fyrir því að allir stóðhestar sem notaðir eru til undaneldis séu DNA greindir og að fylltar séu út skýrslur um notkun þeirra í ræktunarstarfinu.

Undirritaður gaf ekki kost á sér til endurkjörs í embætti ræktunarfulltrúa á aðalfundi FEIF nú í haust. Ég mun hins vegar sitja í ræktunarráði FEIF og einnig leiða starf þeirrar nefndar sem fer með menntun/pjálfun kynbótadómara og skipulag kynbótasýninga.

Að lokum flyt ég stjórnnum og starfsmönnum LH og HÍS bestu þakkir fyrir gott samstarf og stuðning á árinu.

Víkingur Gunnarsson

## 22. HROSSARÆKTIN Á LIÐNU ÁRI.

### *Skýrsla Kristins Hugasonar hrossaræktarráðunautar*

Góðir þingfulltrúar!

Hratt flýgur stund, því stutt þykir manni frá því að við vorum síðast saman á þingi Landssambands hestamannafélaga (LH) en eigi að síður er enn eitt árið liðið. Ár sem var um flest prýðisgott hvað hrossarækt og hestamennsku varðar hérlendis.

#### Sýningahaldið

Dómar og sýningar kynbótahrossa eru undirstöðuatriði hvað kynbótastarfið í hrossaræktinni varðar. Sýningahaldið á árinu gekk prýðisvel. Fjórðungsmót var haldið á Vesturlandi, þátttaka var mikil í forskoðun sem gekk vel og heppnaðist kynbótaþáttur fjórðungsmótsins með ágætum. Þátttaka í sýningahaldinu í heild sinni á landinu var prýðileg, einkum þó sunnan lands og vestan. Alls voru uppkveðnir 1440 dómar, þar af voru fullnaðardómar (dæmt bæði sköpulag og kostir) 1236. Fjöldi dæmdra hrossa var í heild 1295 hross; 277 stóðhestar, 970 hryssur og 48 geldingar. Sýningar voru alls 21 og stóðu þær yfir samtals í 59 daga. Fyrsta sýningin var haldin 21. febrúar og sú síðasta endaði 23. ágúst. Þannig spannar sýningatímabilið orðið hálfst árið. Stærsta sýningin var haldin á Gaddstaðaflötum dagana 2. til 8. júní en þar voru dæmd 269 hross, næst kom héraðssýning og forskoðun í Borgarnesi, þar voru dæmd 217 hross. Útkoma sýningahaldsins var góð í heild sinni en auðvitað misjöfn eins og gengur. Sýningarnar eiga enda að spanna þann breytileika sem býr í kyninu.

Tölfræðileg gæði dómana í ár voru mikil og varð hrein bylting í þeim málum miðað við árið 1996. Góð teygji náðist fram sem tryggir öðru fremur hátt arfgengi sem er lykilatriði til að ná fram mikilli kynbótaframför. Nýjar niðurstöður rannsóknar á þessum atriðum hérlendis voru birtar á árinu og voru niðurstöðurnar eins og best verður á kosið séð af sjónarhlí okkar sem berum ábyrgð á dómastarfinu. Staða íslenskrar hrossaræktar er sterkt á alþjóðlegum vettvangi um þessar mundir þó ekki megin við leyfa okkur að sofna á verðinum. Í framhaldi af samþykkt aðalfundar FEIF þess efnis að íslenski kynbótadómstiginn og tilheyrandi stigunarkvarði skyldi verða notaður á vegum FEIF var samþykkt að efna til alþjóðlegs réttindanámskeiðs fyrir kynbótadómara tilnefnda af FEIF löndunum. Námskeiðið fór fram við Bændaskólann á Hólum nú í byrjun maí og stóðu Bændasamtök Íslands og FEIF að námskeiðinu ásamt Hólaskóla. Kenndi undirritaður þar, nemendur voru um túu og náðu fjórir prófinu enda voru prófkröfur umtalsverðar. Ætlunin er að endurtaka námskeiðið að vori. Heimsmeistarmót á íslenskum hrossum fór fram í Seljord í Noregi dagana 4. til 10. ágúst sl. Undirritaður veitti forystu kynbótadómnefnd leikanna. Útkoma

kynbótasýningarinnar á mótinu var heldur léleg en við Íslendingar getum þó unað vel við okkar hlut. Útkoma heimsmeistaramótsins var síðan í heild nær samfelld sigurganga landsliðs Íslands. Einkum eru sigrar Íslands í tölti og fjórgangi fagnaðarefni sérstaklega fyrst tókst að viðhalda sérstöðu íslendinga í skeiðgreinunum. Þessir heimsleikar voru umfram allt uppörvandi fyrir íslenska hrossarækt, þ.m.t. þá ræktunarstefnu sem fylgt er og stórviðurkenning fyrir íslenska reiðmennsku.

Á næsta ári er stórt ár í sýningahaldinu. Þá mun verða haldið landsmót á Melgerðismelum í Eyjafirði. Undirbúningi fyrir mótið miðar vel en brýnt er að samtök hestamanna (LH) í samstarfi við bæði Bændasamtök Íslands sem sjá um kynbótaþátt móttanna og hagsmunasamtök hrossabænda leiti leiða til að tryggja fjárhagsgrundvöll landsmótanna til frambúðar. Vonandi nást að hér á þinginu góðar og uppbyggjandi umræður um þetta mikilvæga mál. Fagráð í hrossarækt vinnur nú að yfirferð regla varðandi sýningahaldið og stefnt er að því að þau mál verði sem flest afgreidd fyrir áramót. Mikilvægt er að hægt verði að ganga frá vönduðum reglum um þau mál sem komi til með að standa óbreyttar um nokkurt árabil. Reglur þær er giltu síðastliðið sumar dugðu ekki að öllu leyti nógu vel, einkum það atriði að aðeins tveir dómrarar voru að störfum samtímis sem vel getur nægt undir mörgum kringumstæðum en síðastliðið sumar var dómurum ætlað auk þess að halda reiðu á allri dómovinnu og tölvufærslu, að fylla út sérstakar vinnubækur það gekk einfaldlega ekki upp. Þetta kom þó ekki niður á dómi hrossanna, þess gættum við dómrarar eins og tölfraðileg skoðun gagna sýnir. Afleit regla er einnig að leyfa dómurum ekki að hafa eldri dóma við höndina þegar nýir dómars eru upp kveðnir á áður dæmdum hrossum.

Ekki er vafi á að sýningarárið 1998 verður mesta sýningarár hrossaræktarinnar hingað til og spáir undirritaður því að heildarfjöldi dæmdra hrossa muni fara hátt í tvö þúsund hross en hingað til hafa flest verið dæmd rúmlega sextán hundruð hross á einu ári, var það árið 1994. Mikilvægt er því að settar séu reglur um framkvæmd dómssstarfa sem tryggi hámarksöryggi dómsniðurstaða með sem minnstum tilkostnaði, til að koma í veg fyrir að sýningagjöld stórhækki og síðast en ekki síst þurfa allir sem að verkinu koma, sýnendur hrossa, umráðamenn þeirra og dómrarar að fella sig vel við reglurnar.

### Nýtt kynbótamat, skýrsluhald og útgáfumál

Skyrsluhalds- og gagnavörslumál hrossaræktarinnar ganga eftir áætlun í öllum aðalatriðum en þar er þó þörf nýrra átaka. Einstaklingsmerkingum hrossa verður að koma á, það er undirstaða góðs ræktunarbúskapar. Á því sviði er örmerking mikilvægust. Blóðflokkun undaneldisgripa er og mjög mikilvæg. Fagráð í hrossarækt setti í vor reglu um að allir stóðhestar sem mættu til kynbótadóms yrðu að vera blóðflokkaðir. Ekki var þeirri reglu almennt fylgt. Á næstunni mun í samráði við embætti yfirdýralæknis leitað leiða til að ráða bót þar á.

Gagnavörslukerfi hrossaræktarinnar *Fengur* með tilheyrandi skýrsluhaldi nýtur nú orðið almenns trausts. Í *Feng* eru nú skráð um hundrað þúsund hross. *Einka-Fengur* er nú seldur í fjölmörgum eintökum bæði innanlands og utan. Í síðustu skýrslu minni til ársþings LH minnist ég á windows-væðingu *Fengs* og margmiðlunarútgáfu og þá miklu möguleika er það hefur í för með sér. Þetta hef ég og kynnt víðar. Þessi mál eru nú í fullum undirbúningi og vonast ég til að windows-væðingin komist á framkvæmdastig á næstu vikum og margmiðlunarútgáfan á næsta ári.

Nýtt og nokkuð breytt kynbótamat (BLUP) var reiknað út fyrir nokkrum vikum. Nýtt og hækkað arfgengi (öruggari einstaklingsdómar) var lagt til grundvallar útreikningunum sem þýðir að kynbótamatið verður enn traustara en fyrr og tekur meira tillit til eigin dóms hrossanna er í hlut eiga. Hið nýja kynbótamat er nú komið inn í *Feng* og verður aðgengilegt öllum á veraldarvefnum (internetinu) nú á næstu dögum en þar verður gagnasafn Bændasamtaka Íslands í hrossarákt að finna með upplýsingum um aettir hrossa, dóma og kynbótamat. Slóðin er [www.bondi.is](http://www.bondi.is).

Reglur um afkvæmasýningar stóðhesta verða aðlagaðar nýja kynbótamatinu. Jafnframt sem það er tillaga okkar starfsmanna greinarinnar að sýningum hryssa með afkvæmum verði hætt. Þær þjóna ekki kynbótalegum tilgangi, þess hefur reyndar iðulega verið getið en afkvæmasýningar á hryssum hafa mikinn tilgang sem gott sýningaratriði á mótum og kynning á starfi einstakra ræktenda. Í stað afkvæmasýninga á hryssum yrði sýningum ræktunarþúa gert hærra undir höfði.

Útgáfa dóma er komin á góðan skrið: Samtíma útgáfa dóma er stunduð á sýningunum, þannig líða ekki nema fáeinartímum frá því að hrossið er dæmt þar til umráðamaður þess hefur fengið útprentaða dómsniðurstöðu með dómaskýringum í hendur. Fullkomnar dómaskrár eru gefnar út að lokinni hverri sýningu og nú er *Hrossaráektin 1997*, fyrsta og annað hefti komin í prentsmiðju (þ.e. nýtt kynbótamat fyrir árið 1998 og heildarniðurstöður dóma fyrir árið 1997).

### Útflutningur og afkoma

#### *Ísland fái viðurkenningu sem upprunaland íslenska hestsins*

Hrossaútflutningurinn hefur gengið vel það sem af er árinu og útlitið gott. Þó hefur um hundrað hrossum færra farið úr landi hingað til í ár, miðað við í fyrra. Slíkur samanburður er þó ekki raunhæfur fyrr en í árslok. Verðþróun á erlendu mörkuðunum er jákvæð og hið sama má segja um innanlands markaðinn sem hefur glæðst verulega, í takt við uppganginn í þjóðfélaginu.

Fyrir nokkrum árum var undirrituð yfirlýsing af Halldóri Blöndal þáverandi landbúnaðarráðherra og Marit Jónsson þáverandi formanni FEIF og fleirum þess efnis að Ísland yrði viðurkennt sem upprunaland (föðurland) íslenska hestsins. Slík yfirlýsing og staðfesting hennar innan vébanda EB og EFTA er einkar mikilvæg fyrir stöðu okkar gagnvart ræktun íslenska hestsins erlendis. Hrossaráktarnefnd Bí knúði fast á um framgang málsins gagnvart embættismönnum í landbúnaðarráðuneytinu sem fóru með framkvæmd málsins. Því miður virðist það litlu hafa skilað og málinu ekki verið sinnt. Vonast ég til að nú takist að koma málinu á hreyfingu á ný.

### Fagráð í hrossarákt og einföldun á félagskerfi

Fagráð í hrossarákt með víðu starfssviði starfar nú innan hrossaráktarinnar og lofar það fyrirkomulag góðu. Sameining deilda Félags hrossabænda og hrossaráktarsambanda um mest allt land er nú orðin staðreynd. Sameining á landsvísu verður að veruleika nú um miðjan nóvember og nú á þessu þingi munu LH og HÍS sameinast. Slík sameining er hið eina rétta og spái ég vel fyrir starfinu í framhaldinu.

### Lyfjamál og fleira

Ný reglugerð um lyfjanotkun í hross gekk í gildi á ári því sem liðið er frá síðasta ársþingi (rg. nr 635 frá 1996) einnig hefur gengið í gildi reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni. Báðar þessar reglugerðir styðjast við lög um dýravernd (lög nr. 15

frá 1994) og hafa áhrif á hestamennsku og hrossarækt í landinu. Reglugerðin um lyfjanotkun er nokkuð ströng en heyrir til framfara. Hins vegar tel ég út í hött að reyna að þvinga hestamennskuna undir ákvæði reglugerðarinnar um dýrahald í atvinnuskyni.

Á margt fleira mætti minnast en míni lokaorð verða þessi. Við hestamenn þurfum með góðum verkum að berjast fyrir stöðu íslenska hestsins hér heima og erlendis. Við þurfum að standa vörð um okkar sameiginlegu íþrótt, hestamennskuna, sem er elsta og þjóðlegasta íþrótt Íslendinga. Við þurfum að fara vel með landið og minnast hins fornkveðna: *Nytjum land en niðum ei*. Síðast en ekki síst ber okkur að gjalda réttlátan skerf til þjóðfélagsins en berjast af hörku gegn öllum skattþíningaráformum hvort sem þar er farið í sauðagæru landverndar eða annarra áforma.

Hafið þökk fyrir lestarinn með ósk um starfssamt og ánægjulegt landsþing.



innréttigar

Brúnás-innréttigar eru smíðaðar á Egilsstöðum.

Við hönnun þeirra og smíði er lögð áhersla á glæsilegt útlit og notagildi.

Viðskiptavinum býðst ráðgjöf innanhúshönnuða við val á Brúnás-innréttingum.

Ármúla 17 a 108 Reykjavík sími: 588 9933 fax: 588 9940

Miðási 9 700 Egilsstaðir sími: 471 1482 fax: 471 1074

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

## ÁRSREIKNINGUR 1996

FYRIR

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

**REKSTRARREIKNINGUR**  
**01.01.TIL 31.12.1996**

Tekjur:	Skýr.	1996	1995
Árgjöld Sambandsfélaga.....	(3)	6.689.000	6.568.500
Styrkur úr ríkissjóði.....	(1)	700.000	1.000.000
Rekstur Skógarhóla.....		279.050	
Þjónusta v/F.T.....		53.535	18.450
Þátttaka H.I.S. í æskulýðsstarfi.....		379.616	346.517
Vaxtatekjur.....		47.394	7.792
Aðrar tekjur.....		794.369	775.399
Tekjur alls		<u>8.942.964</u>	<u>8.716.658</u>
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld á skrifstofu.....		3.285.661	3.070.568
Annar skrifstofukostnaður.....		1.841.455	1.591.833
Þinghald og fundir.....		558.892	493.987
Akstur og ferðakostnaður.....		509.030	504.957
Dómarafélag L.H.....		129.344	67.930
Kostn. v/nefnida L.H (Sameiningarn.o.fl.).....		303.059	128.441
Áningarhólf Hveravöllum.....			50.611
Æskulýðsstarf.....		878.271	866.293
Erlend samskipti.....		613.020	343.882
Rekstur Skógarhóla.....			50.952
Útgáfa smárita og filmuleiga.....		84.461	70.574
Lyfjapróf.....		224.176	280.634
Annar kostnaður.....		128.751	170.517
Vaxtagjöld og verðbætur.....		33.424	20.443
Afskriftir áhalda og innr.....	(1)	31.253	50.838
Gjalfærsla áskrifendaskrár H.O.....	(1)	97.500	97.500
Gjöld alls		<u>8.718.297</u>	<u>7.859.960</u>
Hagnaður af rekstri		<u>224.667</u>	<u>856.698</u>
<b>Óráðstafað eigið fé:</b>			
Yfirfært frá fyrra ári.....		4.042.337	3.139.351
Rekstrararángur skv.ofanskráðu.....		224.667	856.698
Matsbreyting húss Skógarhólum.....	(1)	459.000	(27.000)
Fyrning húsa í f.mati.....	(1)	73.288	73.288
<b>Yfirfært til næsta árs</b>		<u>4.799.292</u>	<u>4.042.337</u>

## EFNAHAGSREIKNINGUR

**EIGNIR:**

<b>Veltufjármunir:</b>	Skýr.	<b>1996</b>	<b>1995</b>
Sjóður og bankainnistiður.....		1.700.737	1.269.673
Fyrirframgr.kostnaður og viðsk.kröfur.....		947.458	804.881
Útistandandi árgjöld.....		206.750	22.500
Birgðir (smárit, lög, reglug, myndb.).....	(1)	240.000	240.000
Bókabirgðir.....	(1)	56.000	56.000
Veltufjármunir		3.150.945	2.393.054
 <b>Fastafjármunir:</b>			
Kvikmyndir (gamlar).....		128.040	128.040
Skrifstofuáhöld og innréttigar.....		267.505	170.653
Skógarhólar, hús (fasteign).....	(1)	1.838.000	1.379.000
Skógarhólar, Hraunrétt, endurb.....	(1)	369.767	413.269
Fastafjármunir		2.603.312	2.090.962
 <b>Aðrar eignir:</b>			
Áskrifendaskrá Hestsins Okkar.....	(1)	357.500	455.000
<b>EIGNIR ALLS</b>		6.111.757	4.939.016

31. DESEMBER 1996

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

## Áningarhólfasjóður:

Óráðstafað úr áningaráhlólfasjóði.....	(2)	<u>366.948</u>	<u>427.195</u>
Skuldir og áningaráhlólfasjóður samtals		1.312.465	896.679

## Eigið fé:

Óráðstafað eigið fē..... 4.799.292 4.042.337

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS

6.111.757

4.939.016

Reykjavík, 21. febrúar 1997

Sigurgeir Bárðarson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Landssambands hestamannafélaga höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir árið 1996.

Við teljum að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af rekstri L.H. árið 1996, efnahag þess 31.12.1996 og breytingu á handbæru fé á árinu og mælum með, að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 21. febrúar 1997

  
Gísli B. Björnsson

Þorvaldur Þorvaldsson  
Þorvaldur Þorvaldsson

## SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 1996

<b>HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:</b>	<b>1996</b>	<b>1995</b>
Hagnaður ársins.....	224.667	856.698
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárdreymi:		
Afskriftir og gjaldfærður langtímakostnaður.....	245.543	265.128
Veltufé frá rekstri	<u>470.210</u>	<u>1.121.826</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, (hækkun)/lækkun.....	(326.827)	146.920
Skammtímaskuldir, hækkun/(lækkun).....	<u>476.033</u>	<u>(215.243)</u>
	149.206	(68.323)
Áningarhólfasjóður hækkun/(lækkun)	<u>(60.247)</u>	<u>(263.800)</u>
Handbært fé frá rekstri og áningarhólfasj.....	<u>559.169</u>	<u>789.703</u>
 <b>FJÁRFESTINGAHREIFINGAR:</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:		
Tölvubúnaður.....	(128.105)	0
Fjárfestingahreyfingar	<u>(128.105)</u>	<u>0</u>
 <b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:</b>		
Afborganir langtímalána.....	<u>0</u>	<u>(116.666)</u>
Fjármögnunarhreyfingar	<u>0</u>	<u>(116.666)</u>
<b>HÆKKUN/(LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ</b>	<b>431.064</b>	<b>673.037</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN</b>	<u>1.269.673</u>	<u>596.636</u>
<b>HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK</b>	<u>1.700.737</u>	<u>1.269.673</u>

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 1996

### 1) Reikningsskilaaðferðir:

- \* Ársreikningur Landssambands hestamannafélaga fyrir árið 1996 er saminn efti sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Hesthús og gistaðstaða á Skógarhólum er eignfært á fasteignamati í árslok kr. 1.838.000.-  
Mótfærsla matsbreytinga hússins er færð á óráðstafað eigið fé, sem er eini tilfærði eiginfjáreikningur Landssambandsins.  
Brunabótamat hússins 1/1.1997 var kr. 7.294.000.-, og vörlumannsskúrsins kr. 0, en vatryggingarfjárhæð hans er kr. 185.000.-
- \* Óendurmetið kostnaðarverð endurbóta L.H. á Skógarhólum og vörlumannsskúrs var í árslok 1995 kr. 1.465.767.-, og afskriftir námu á sama tíma kr. 615.744.-  
Afskrift þessara eigna 1996 er 5% eða kr. 73.288.- og er hún færð til gjalda á rekstur Skógarhóla, en mótfærslan á eigið fé, þar sem húsið er eignfært á fasteignamati.  
Eignfærðar framkvæmdir við Hraunrétt á Skógarhólum frá 1992 er í uppgjöri þessu afskrifað um 8% eða kr. 43.502.- og er sú afskrift einnig gjaldfærð á rekstur Skógarhóla.  
Afskrift skrifstofuáhalda og innrétinga er 10% á ári eða kr. 31.253.- á árinu 1996  
Ýmiss eldri skrifstofubúnaður er fullafskrifnaður.
- \* Á árinu 1993 keypti L.H. áskrifendaskrá Hestsins Okkar og hugbúnað henni tengdan. Kaupverð skrárinnar og hugbúnaðarins var kr. 650.000.- og var fjárhæð þessi eignfærð, sem aðrar eignir í efnahagsreikningi. Í uppgjöri þessu er 15% þessarar fjárhæðar kr. 97.500-. gjaldfærð í rekstrarreikningi. Bókfært verð áskrifendaskrárinnar í árslok var kr.357.500
- \* Nú sem fyrr er ekki tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á eignir og skuldir sambandsins í ársreikningnum.
- \* Birgðamat smárita, reglugerða og myndbanda er hið sama og í uppgjöri fyrra árs eða kr. 240.000. Bókabirgðir Hestsins Okkar kr 56.000.- eru einnig óbreyttar frá fyrra ári. Í uppgjöri Hestsins Okkar á fyrri árum var ekki lagt eignamat á birgðir óseldra blaða, svo er ekki heldur gert í uppgjöri þessu.
- \* Á liðnum árum hefur L.H. oft fengið styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar. Á árinu 1996 nam styrkveiting til L.H. úr ríkissjóð kr. 700.000.

### 2) Óráðstafaður áningarálfasjóður:

Ársþing 1990 ákvað að framvegis rynnu 2% af heildarsölu aðgangseyris að lands-og fjórðungsmótum í áningarálfasjóð. Staða sjóðsins greinist þannig :

Staða 31.12.1995	Kr. 427.195
Framlag í áningarálfasjóð frá FM.1996	" 294.753
	<hr/> Kr. 721.948

Frá dregst:

Ráðstöfun 1996	Kr. (355.000)
Óráðstafað 31.12.1996	<hr/> Kr. 366.948

Fyrir árslok 1996 höfðu verið samþykktar en óafgreiddar umsóknir úr sjóðnum að fjárhæð kr. 75.000.-

### 3) Árgjöld sambandsfélaga:

Samkvæmt uppgjörum aðildarfélaga L.H. voru félagsmenn þeirra alls 7.219.- sem greitt var af til sambandsins og hefur fjölgað um 133 frá fyrra ári. Fullt gjald er gr. fyrir 6.159 félagsmenn og unglingsgjald fyrir 1.060. Við þennan félagafjölda miðast tekjufærsla í rekstrarreikningi

kr.6.689.000.- (sjá sérstaka skrá aftast í ársreikningnum). Gjalfriir félagar 70 ára og eldri voru

**Árgjöld samkvæmt uppgjöri L.H. 1996.**

	Félagsmenn	Árgjöld	
	Fullorðnir	Unglingar	
Andvari.....	198	57	226.500
Blakkur.....	28	5	30.500
Blær.....	30	5	32.500
Dreyri.....	106	24	118.000
Faxi.....	180	21	190.500
Fákur.....	840	136	908.000
Feykir.....	48	12	54.000
F. T.....	313	0	313.000
Freyfaxi.....	102	25	114.500
Funi.....	76	41	96.500
Geisli.....	26	3	27.500
Geysir.....	414	56	442.000
Glaður.....	109	5	111.500
Glófaxi.....	21	1	21.500
Glæsir.....	24	1	24.500
Gnýfari.....	32	13	38.500
Goði.....	20	8	24.000
Grani.....	50	0	50.000
Gustur.....	318	78	357.000
Háfeti.....	28	2	29.000
Hending.....	27	8	31.000
Hornfirðingur.....	98	18	107.000
Hringur.....	84	12	90.000
Hörður.....	281	95	328.500
Kinnskær.....	18	4	20.000
Kópur.....	83	10	88.000
Léttfeti.....	123	8	127.000
Léttir.....	207	56	235.000
Ljúffur.....	84	15	91.500
Logi.....	102	7	105.500
Máni.....	173	56	201.000
Neisti.....	81	6	84.000
Óðinn.....	39	3	40.500
Sindri.....	93	22	104.000
Skuggi.....	92	27	105.500
Sleipnir.....	244	10	249.000
Smári.....	167	32	183.000
Snarfari.....	24	0	24.000
Snæfaxi.....	56	5	58.500
Snæfellingur.....	175	23	186.500
Sóti.....	65	12	71.000
Stígandi.....	175	5	177.500
Stormur.....	55	12	61.000
Svaði.....	74	18	83.000
Sörli.....	252	55	279.500
Trausti.....	116	17	124.500
Þjálfi.....	83	3	84.500
Þráinn.....	38	16	46.000
Þytur.....	87	12	93.000
	6.159	1.060	6.689.000

(Fullt árgjald fyrir hvern félagsmann 1996 var kr. 1.000.- og unglingsgjald var kr.500.-)

# **Bæjarstjórn Egilsstaðabæjar**

býður hestamenn og gesti þeirra velkomna  
á ársþing L.H.á Egilsstöum 24. og 25. október 1997

**Hótel Edda Egilsstöðum**

**Morgunblaðið**

**Búnaðarbanki Íslands**

**Hótel Saga**

**MR Búðin hestavöruverslun**

**Íslenskar hestafærðir sf. Íshestar**

**Eiðfaxi**

**Hesturinn okkar**

**Samskip**

**Eimskip**

**Ástund hestavöruverslun**

**Reiðsport hestavöruverslun**

**Reiðlist hestavöruverslun**

**Prenttækni h.f.**

**Árni Höskuldsson gullsmiður**

**Félag hrossabænda**

**Hestamaðurinn hestavöruverslun**

**Flugleiðir**

**Farmasia ehf lyffainnflutningur**

**Bændasamtök Íslands**

*Ofangreind fyrirtæki og stofnanir styrktu útgáfu ársskýrslunnar.*

*Þeim eru færðar áluðarþakkir fyrir stuðning og velvilja.*



## Héraðsbúar – Austfirðingar!

Önnumst öll innlend og erlend bankaviðskipti,  
ásamt VISA og EURO kreditkortabjónustu.

**BANKAHÓLF, NÆTURINNKAST**  
fyrir fyrirtæki og verslanir.

### HRAÐBANKI

ATH.

innlánsviðskipti er leið til lánsviðskipta

*Velkomin  
í viðskipti*



**BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS**  
Egilsstöðum  
– Traustur banki –